

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014

Stöðu- og árangursmat

Október 2016



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks, árangursmat
Október 2016

Útgefandi: Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferdarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2016 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9935-477-21-7

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	4
Inngangur.....	6
1 Eftirfylgni með framkvæmd	7
2 Stöðu- og árangursmat.....	8
A - Aðgengi	8
A.1 Manngert umhverfi	8
A.2 Almenningsþingur.....	10
A.3 Ný mannvirki	11
A.4 Akstursþjónusta.....	12
A.5 Upplýsingar	14
A.6 Menntastofnanir	17
B - Atvinna	19
B.1 Atvinnuþátttaka á almennum vinnumarkaði.....	19
B.2 Atvinna með stuðningi.....	20
B.3 Virkniúrræði.....	21
B.4 Nýsköpunar- og frumkvöðlastarf	22
B.5 Hugbúnaðar- og tæknigeirinn.....	23
C - Sjálfstætt líf	23
C.1 Notendastýrð persónuleg aðstoð	23
C.2 Val um þjónustu	25
C.3 Samfella og öryggi í þjónustu.....	27
C.4 Aðgengi að þjónustu	28
C.5 Hjálpartæki/tæknilausnir.....	30
C.6 Sveigjanlegt vinnufyrirkomulag í þjónustu við fatlað fólk	31
C.7 Val um búsetu	32
C.8 Húsnæðisgerð.....	33
C.9 Heildræn þjónusta við fötlúð börn og fjölskyldur þeirra	35
D – Heilbrigði	37
D.1 Heilsugæslan	37
D.2 Geðheilbrigðisþjónusta.....	38
D.3 Þjálfun og endurhæfing.....	39
D.4 Sérþækur vandí.....	40
D.5 Reglulegar heilbrigðisráðgjafar	41
E - Ímynd og fræðsla.....	43
E.1 Hugmyndafræði og orðræða	43
E.2 Hvatningarverðulaun til fjölmiðla	44
E.3 Fræðsla til starfsfólks og kjörinna fulltrúa sveitarfélaga.....	45
E.4 Þekking heilbrigðisstarfsfólks	45
E.5 Menntun heilbrigðisstétta	46
E.6 Fræðsla til vinnuveitenda á almennum og opinberum markaði	47

F – Mannréttindi	47
F.1 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.....	47
F.2 Fordómar og félagsleg útskúfun	48
F.3 Valdefling og notendasamráð.....	48
F.4 Ólaunaðir umönnunaraðilar	49
F.5 Könnun á heilbrigði fatlaðs fólks.....	50
G – Menntun	50
G.1 Samfella milli skólastiga.....	50
G.2 Fjölbreytni í námsframboði.....	52
G.3 Styrkir til fatlaðra nemenda	53
H – Þátttaka	54
H.1 Áhrif og þátttaka notenda.....	54
H.2 Sýnileiki fatlaðs fólks.....	56
H.3 Fatlaðir foreldrar.....	56
H.4 Félagslíf fatlaðra barna og ungmenna.....	57
3 Næstu skref	61

Inngangur

Hinn 1. janúar 2011 var þjónusta við fatlað fólk flutt frá ríki til sveitarfélaga og tóku þá gildi breytingar á lögum um málefni fatlaðs fólks. Í bráðabirgðaákvæði við breytingarnar er kveðið á um að framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks skuli lögð fram á Alþingi og var framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 fyrsta heildstæða framkvæmdaáætlunin í málaflokknum hér á landi.

Starfshópur til að undirbúa tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks var skipaður 7. júní 2011. Formaður hópsins var Lára Björnsdóttir, skipuð af velferðarráðherra, en aðrir í hópnun voru Gerður A. Árnadóttir, tilnefnd af Landsamtökunum Þroskahjálpi, Guðmundur Magnússon, tilnefndur af Öryrkjabandalagi Íslands, Hjalti Þ. Vignisson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og Rún Knútsdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Þór G. Þórarinsson, skipuð af velferðarráðherra. Rósa G. Bergþórsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, var starfsmaður hópsins. Náíð samstarf og samráð var haft við notendur og fagaðila við vinnslu áætlunarinnar.

Í [framkvæmdaáætluninni sem samþykkt var á Alþingi 11. júní 2012](#) er annars vegar sett fram stefna í málaflokknum og hins vegar aðgerðaáætlun sem byggist á stefnunni. Árangursmælikvarðar eru tilgreindir og tímasettar aðgerðir vegna fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, svo sem vegna aðgengismála, biðlista eftir þjónustu, atvinnumála fatlaðs fólks og samræmds mats á þjónustu.

Velferðarráðuneytið hefur haft heildarumsjón með framkvæmd áætlunarinnar og hefur umsjón með tilteknum aðgerðum en verkefni eru oft og tíðum þverfagleg og ná einnig inn á borð innanríkisráðuneytisins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Sveitarfélög og þjónustuvæði bera meginþungann af framkvæmdinni en einnig koma aðrir aðilar að verkefnum.

1 Eftirfylgni með framkvæmd

Fljótlega eftir að Alþingi samþykkti framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 var boðað til fundar í velferðarráðuneytinu þangað sem komu fulltrúar frá Þroskahjálpi, Öryrkjabandalagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Þar var farið yfir stöðu mála í kjölfar nýrra laga um málefni fatlaðs fólks sem tóku gildi 1. janúar 2011. Fram kom að mikilvægasta verkefnið fram undan væri að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fram kom að vonir stæðu til að það tækist að fjármagna áætlunina í fjárukalögum og á fjárlögum næsta árs.

Vefsvæði um framkvæmdaáætlunina var sett á laggirnar. Í byrjun júlí 2012 hafði ráðuneytið samband við alla ábyrgðaraðila þar sem áætlunin var kynnt og sérstök athygli vakin á þeim verkefnum sem lágu á borði mismunandi aðila. Óskað var eftir nöfnum á tengiliðum sem myndu halda utan um verkefnið af hálfu viðkomandi aðila og vera í tengslum við ráðuneytið ef þörf krefði.

Myndaður var þverfaglegur samráðshópur ráðuneytisins um framkvæmdaáætlunina. Hópurinn skyldi styðja við eftirfylgni með framkvæmdaáætluninni og sjá um að koma þeim verkefnum sem eru á ábyrgð velferðarráðuneytisins í framkvæmd. Fyrsti fundur hópsins var í lok ágúst 2012. Ábyrgð með einstökum verkefnum var þá deilt út og einnig rætt um að fjármagn skorti til nokkurra verkefna, en vonir stæðu til að fjárveiting fengist til þeirra í fjárukalögum og á fjárlögum. Ákveðið var að hópurinn hittist aftur fljótlega til stöðutöku og samráðs. Hópurinn hittist reglulega allt framkvæmdatímabilið til að fara yfir framgang verkefna og forgangsraða þeim.

Í september 2012 var fundað með fulltrúum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að ræða framkvæmd verkefna sem skilgreind eru á ábyrgð heilsugæslunnar eða hún kemur að sem samstarfsaðili. Ákveðið var að Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins kallaði saman hóp til að skoða útfærslu á verkefni D.5 Reglulegar heilbrigðisskoðanir. Jafnframt var ákveðið að samþætta verkefni D.1 Heilsugæslan verkefni D.5. Starfsmanni velferðarráðuneytisins var falið að vinna tillögur að framkvæmd verkefnis D.2 er lýtur að geðheilbrigðisþjónustunni og öðrum að skoða verkefni D.3 þar sem fjallað er um aðgengi að þjálfun og endurhæfingu. Tveir aðrir fundir voru haldnir með fulltrúum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á haustmisseri sama ár um framkvæmdaáætlunina þar sem aðgerðir voru útfærðar nánar.

Ákveðið var að framlengja gildistíma framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 meðan unnið var að nýrri áætlun. Samhliða vinnu við mótun nýrrar framkvæmdaáætlunarvar ákveðið að framkvæma stöðu- og árangursmat á gildandi framkvæmdaáætlun og fór það fram sumarið 2016.

2 Stöðu- og árangursmat

Hér er gerð grein stöðu einstakra verkefna samkvæmt niðurstöðum stöðu- og árangursmat sem gert var við lok framkvæmdatímabilsins, sumarið 2016.

Árangursmatið var þannig framkvæmt að í júní það ár fengu ábyrgðaraðilar, utan velferðarráðuneytisins sendar spurningar sem miða að því að gefa yfirlit yfir framkvæmd verkefna fyrir tímabilið og núverandi stöðu. Svörin eru rakin hér á eftir, ásamt greinargerð velferðarráðuneytisins, eftir því sem við á.

A - Aðgengi

Verkefnin í kafla A sem fjalla um úrbætur á sviði aðgengismála eru sex talsins. Aðgengi í kaflanum lýtur að manngerðu umhverfi, samgöngum og upplýsingum og miða verkefnin að því að tryggja aðgengi í breiðum skilningi.

A.1 Manngert umhverfi

Markmið: Að tryggja öllum jafnt aðgengi að manngerðu umhverfi.

Framkvæmd: Í hverju sveitarfélagi verði gerð úttekt á aðgengismálum hvað varðar aðgengi að opinberum byggingum, umferðarmannvirkjum og öðrum stöðum sem almenningur hefur aðgang að. Í framhaldinu verði gerð áætlun um úrbætur ef við á.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðilar: Skipulagsstofnun og Mannvirkjastofnun.

Tímabil: Úttekt verði lokið fyrir árslok 2012 og áætlun liggja fyrir um úrbætur fyrir árslok 2013.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Hlutfall sveitarfélaga sem hafa lokið úttekt og gert áætlun.

Staða og árangur

Árið 2015 veittu félags- og húsnæðismálaráðherra, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra [styrk til gerðar handbókar fyrir ferðapjónustuaðila ríkja í Norður-Atlantshafi](#). Markmiðið með gerð handbókarinnar er að bæta aðgengi fatlaðs fólks að ferðamannastöðum. Handbókin mun innihalda viðmiðunarreglur sem eiga að auðvelda ferðapjónustuaðilum að bæta aðgengi fatlaðs fólks að þjónustu sem veitt er ferðamönnum. Styrkurinn nemur samtals 4 millj. kr. Handbókin er samstarfsverkefni þriggja landa í Norður-Atlantshafi, þ.e. Færeyja, Grænlands og Íslands. Aðalstyrktaraðili verkefnisins er NORA, samstarfsvettvangur landa í Norður-Atlantshafi, en fjölmargir aðilar koma að verkefninu auk fyrrnefndra ráðuneyta.

[Sumarið 2015 voru auglýstir styrkir](#) til sveitarfélaga, þjónustusvæða og ferlinefnda til að gera úttektir á aðgengi fatlaðs fólks að þeim stöðum sem almenningur hefur aðgang að. [Alls bárust 16 umsóknir og voru veittir 11 styrkir](#), samtals að upphæð 4,8 millj. kr.

Haustið 2016 voru aftur auglýstir styrkir til að gera úttektir á aðgengismálum með það að markmiði að leiða í ljós stöðu aðgengismála í hlutaðeigandi sveitarfélagi en einnig er gert ráð fyrir að gerð verði áætlun um úrbætur ef við á. Umsóknarferlið er enn opið þegar þetta er ritað.

Til að afla nánari upplýsinga um það sem áunnist hefur á tímabilinu fengu þjónustuvæði í málefnum fatlaðs fólks, 15 talsins, sendar eftirfarandi spurningar:

- 1. Hefur verið gerð úttekt á aðgengismálum?**
 - a) í einstökum sveitarfélögum?**
 - b) innan þjónustuvæðisins í heild?**
- 2. Hefur verið gerð áætlun um úrbætur í kjölfar úttektar?**
 - a) í einstökum sveitarfélögum?**
 - b) innan þjónustuvæðisins í heild?**
- 3. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Upplýsingar frá þeim þjónustuvæðum/sveitarfélögum sem sendu inn svör eru eftirfarandi:

Eyjafjörður

Í árslok 2015 fékkst styrkur að upphæð 450 þús. kr. frá velferðarráðuneytinu til að gera úttekt á aðgengi fatlaðs fólks. Nú hefur verið lokið við úttekt á aðgengi fatlaðs fólks að stoppistöðvum Strætisvagna Akureyrarbæjar.

Hafnarfjörður

Árið 2015 gerði fatlað fólk í sumarvinnu úttekt á aðgengismálum. Sú vinna hefur haldið áfram og árið 2016 fer fram úttekt á grunnskólum bæjarins, árið 2017 verður gerð úttekt á aðgengi að leikskólum og fleiri stofnunum og 2018 er stefnt að því að öllum úttektum að stofnunum bæjarins verði lokið.

Samhliða verður farið í lagfæringar á stofnunum m.t.t. aðgengis fyrir fatlað fólk. Á þessu ári verður sett upp lyfta fyrir Ásvallalaug og stærra kerfið á sundlaugarsvæðinu.

Auk úttekta hafa komið ábendingar frá ráðgjafarráði (notendaráði) um hvað þurfi að laga varðandi aðgengi í sveitarfélaginu. Ábendingarnar eru sendar til framkvæmdasviðs sem fer yfir þær og ákveður næstu skref.

Að lokum hefur verið starfræktur þjónustuhópur sem kemur með ábendingar um það sem betur mætti fara í þjónustu Strætó b/s (hér eftir bara Strætó).

Áætlun um úrbætur er ekki lokið.

Kópavogur

Sumarið 2014 var gerð samantekt á bílastæðum hreyfihamlaðra við stofnanir bæjarins, þ.e. yfirlit um fjölda stæða og gerð þeirra. Úttekt hefur verið gerð á stöðu og þörf á niðurtekt kantsteina sem og almennt um aðgengismál fyrir fatlaða að stofnunum bæjarins.

Í vinnuferli deiliskipulaga er sérstaklega farið yfir aðgengismál fatlaðra sem eru síðan skilgreind og sett fram í skipulagsskilmálum og skipulagsupphráttum hverju sinni. Við nánari útfærslur hefur byggingarfulltrúi eftirlit með að skipulagsskilmálum og lögum og reglum um aðgengismál fatlaðra sé framfylgt. Byggingarfulltrúi gefur ekki út byggingarleyfi fyrr en skilyrði skipulagsskilmála eru uppfyllt og fylgir þá eftirliti með reglubundnum úttektum á framvindu framkvæmda hverju sinni.

Ekki hefur verið gerð heildaráætlun um úrbætur á bílastæðum en þó hefur verið reynt að laga stæði eins og kostur er.

Mosfellsbær og Kjósarhreppur

Á árinu 2015 var gerð úttekt á aðgengismálum á nokkrum almenningsstöðum í Mosfellsbæ á grundvelli skýrslu þar að lútandi frá árinu 2010. Til þessa verkefnis var veittur styrkur frá velferðarráðuneytinu á móti framlagi bæjarfélagsins. Gerð var grein fyrir þessari vinnu í skilaskýrslu sem send var ráðuneytinu.

Unnið hefur verið að nokkrum verkefnum sem bent var á í úttektinni. Þar sem þau eru á vegum nokkurra aðila liggur ekki fyrir heildaryfirlit yfir þær úrbætur að svo komnu máli.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Í Reykjavík hefur farið fram úttekt og verið gerð áætlun um úrbætur í kjölfar úttektar.

Frá árinu 1996 hefur Reykjavíkurborg unnið markvisst að úrbótum á aðgengi fatlaðra að byggingum í eigu borgarinnar. Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar gerði úttekt á aðgengi fyrir fatlaða árið 2007 að húseignum og opnum svæðum borgarinnar og gerði áætlun að úrbótum. Einnig var gerð úttekt á aðgengi fatlaðra á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar í lok árs 2010 og er úrbótum þar lokið. Í nýjum byggingum er unnið samkvæmt forsögn og gildandi byggingarreglugerð.

Suðausturland

Á þjónustusvæðinu hefur hvorki farið fram úttekt né verið gerð áætlun um úrbætur í kjölfar úttektar.

Verið er að vinna deiliskipulög innan þéttbýlis þar sem eitt að aðalmarkmiðunum er að bæta aðgengi fyrir fatlaða.

Suðurland

Úttektir hafa farið fram innan nokkurra sveitarfélaga á þjónustusvæðinu en ekki hefur farið fram úttekt innan þjónustusvæðisins í heild.

Ekki hafa verið gerðar áætlanir um úrbætur í kjölfar úttekta.

Í notendaráði hefur verið til umræðu að gera úttekt á aðgengismálum innan þjónustusvæðisins.

A.2 Almenningsgöngur

Markmið: Að allir geti notað almenningsgöngur.

Framkvæmd: Sveitarfélög sem bjóða upp á almenningsgöngur skilgreini tilteknar áætlanaleiðir á stofnleiðum þar sem einungis aka strætisvagnar sem aðgengilegir eru hreyfihömluðum. Þjónustan verði kynnt sérstaklega.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðili: Innanríkisráðuneytið.

Tímabil: Verkefnið hefjist árið 2012 og standi til ársloka 2014.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Hlutfall fatlaðs fólks sem er ánægt með almenningsgöngur.

Staða og árangur

Spurningar voru sendar til Strætó til að afla upplýsinga um stöðuna og hvort eitthvað hafi áunnist á tímabilinu. Spurningarnar voru:

1. **Eru allar stofnleiðir aðgengilegar hreyfihömluðum?**
2. **Hvert er hlutfall stofnleiða sem aðgengilegar eru hreyfihömluðum?**
3. **Hefur verið gerð áætlun um að allar stofnleiðir verði aðgengilegar hreyfihömluðum?**
4. **Hefur þjónusta Strætó bs um að vissar leiðir séu aðgengilegar hreyfihömluðum verið kynnt sérstaklega?**

Ekki eru allar stofnleiðir aðgengilegar hreyfihömluðum en ekki bárust upplýsingar um hlutfall stofnleiða sem aðgengilegar eru. Ekki kom fram hvort gerð hafi verið áætlun um að allar stofnleiðir verði aðgengilegar hreyfihömluðum en málið væri á forræði sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Spurningu þess efnis hvort þjónusta Strætó um að vissar leiðir séu aðgengilegar hreyfihömluðum hafi verið kynnt sérstaklega var svarað neitandi.

A.3 Ný mannvirki

Markmið: Að algild hönnun verði viðhöfð við hönnun allra mannvirkja.

Framkvæmd: Algild hönnun verði kynnt sérstaklega fyrir byggingarfulltrúum, arkitektum, verkfræðingum og öðrum hönnuðum og nefndum sveitarfélaga á sviði skipulags- og byggingarmála. Jafnframt verði algild hönnun kynnt ráðuneytum og stofnunum þeirra.

Ábyrgð: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög.

Tímabil: Kynningar fari fram á árunum 2012 og 2013.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Hlutfall sveitarfélaga þar sem kynningar hafa farið fram.

Staða og árangur

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fékk sendar spurningur um stöðu og árangur verkefnisins. Spurningarnar eru eftirfarandi:

1. **Hefur algild hönnun verið kynnt sérstaklega fyrir:**
 - a) **byggingarfulltrúum, arkitektum, verkfræðingum og öðrum hönnuðum og nefndum sveitarfélaga á sviði skipulags- og byggingarmála?**
 - b) **ráðuneytum?**
 - c) **stofnunum ráðuneyta?**Ef já við spurningu 1, þá vinsamlega svarið spurningum 2, 3 og 4.
2. **Hvert er hlutfall sveitarfélaga þar sem kynningar hafa farið fram?**
3. **Hvert er hlutfall ráðuneyta þar sem kynningar hafa farið fram?**
4. **Hversu margar stofnanir hafa fengið kynningar á algildri hönnun?**
5. **Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Svör umhverfis- og auðlindaráðuneytisins eru þessi:

„Byggingarreglugerð nr. 112/2012 og þar með ákvæði hennar um algilda hönnun hefur verið kynnt ítarlega frá gildistöku hennar. Fyrst eftir gildistöku hennar var farið í kynningarátak og haldnir fundir á 7 stöðum víðsvegar um land þar sem reglugerðin var kynnt. Þá hefur

reglugerðin og algild hönnun verið reglulega á dagskrá samráðsfunda Mannvirkjastofnunar og byggingarfulltrúa, kynningar haldnar bæði hjá Öryrkjabandalaginu og Blindrafélaginu og verið hluti af námsefni á námskeiðum hjá brunamálastólum og vegna löggildingar hönnuða. Einnig hafa verið haldin málþing þar sem reglugerðin hefur verið til umfjöllunar, s.s. hjá Arkitektafélaginu og einnig í samstarfi Mannvirkjastofnunar, Arkitektafélags Íslands, Verkfræðingafélags Íslands, Tæknifræðingafélags Íslands, Samtaka iðnaðarins og Íbúalánasjóðs þar sem farið var með fundaröð um landið undir yfirskriftinni Samstarf er lykill að árangri. Þessar kynningar hafa verið mjög vel sóttar og því ekki þótt ástæða til þess að vera með kynningar fyrir einstakar stofnanir eða einstök ráðuneyti.“

A.4 Akstursþjónusta

Markmið: Að fötluðu fólki standi til boða akstursþjónusta til að geta verið virkir þátttakendur í daglegu lífi.

Framkvæmd: Á hverju þjónustusvæði verði sett fram aðgerðaáætlun í akstursþjónustu í samvinnu við fatlað fólk og þróaðar nýjar leiðir til að mæta þörfum notenda.

Ábyrgð: Þjónustusvæði.

Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Tímabil: Gerð aðgerðaáætlunar ljúki árið 2012 og árangur verði metinn í árslok 2014.

Kostnaður: Kostnaður verði metinn í aðgerðaáætlun.

Mælikvarði: Hlutfall ánægðra notenda akstursþjónustu.

Staða og árangur

[Árið 2015 fékk Reykjavíkurborg styrk frá velferðarráðuneytinu](#) að upphæð 2. millj. kr. Í samvinnu þessara aðila var sett á laggirnar tilraunaverkefni til að auðvelda fötluðu fólki að nýta sér almenningssamgöngur. Þannig gæti fatlað fólk enn frekar tekið þátt í daglegu lífi, án aðgreiningar. Framkvæmd verkefnisins var þannig háttáð að starfsmenn voru fengnir til að vinna með fötluðu fólki sem notaði ferðaþjónustu fatlaðra með það að markmiði að það gæti nýtt sér almenningssamgöngur.

Í því skyni að kanna stöðu og árangur af verkefninu innan einstakra þjónustusvæða voru eftirfarandi spurningar sendar til þeirra:

- 1. Hefur verið sett fram aðgerðaáætlun í akstursþjónustu við fatlað fólk innan þjónustusvæðisins?**
- 2. Hafa verið þróaðar nýjar leiðir til að mæta þörfum notenda?**
- 3. Hefur verið gerð könnun á ánægju notenda með akstursþjónustu á svæðinu?**
- 4. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Eftirfarandi eru upplýsingar frá þeim þjónustusvæðum sem sendu inn svör.

Eyjafjörður

Ekki kemur fram hvort sett hafi verið fram aðgerðaáætlun varðandi akstursþjónustu við fatlað fólk innan þjónustusvæðisins né heldur hvort þróaðar hafi verið nýjar leiðir til að mæta þörfum notenda.

Árið 2013 var gerð könnun á akstursþjónustu bæjarfélagsins (Akureyrar) í þeim tilgangi að meta ánægju eða óánægju með þjónustuna. Niðurstaðan var að langflestir þátttakendur voru mjög eða frekar ánægðir með alla þætti þjónustunnar. Í kjölfarið var gerð kostnaðaráætlun vegna úrbóta en ekki hefur fengist fjármagn til að fylgja þeim úr hlaði.

Hafnarfjörður

Áætlanir voru í gangi um að breyta þeirri útfærslu sem áður var í ferðaþjónustu fatlaðs fólks í Hafnarfirði. Farin var sú leið að fá Strætó til að sjá um akstursþjónustu við fatlað fólk. Sá samningur tók gildi 2015. Engin aðgerðaráætlun í akstursþjónustu við fatlað fólk hefur verið gerð eftir að sú þjónusta fór af stað.

Á dagskrá var að bjóða upp á akstur með leigubílum fyrir tiltekinn hóp en samningar við Strætó takmörkuðu möguleika sveitarfélagsins á að fara þá leið. Ekki hefur enn komið fram lausn sem gengur upp á meðan samningur við Strætó er í gildi.

Áður en þjónustan fór yfir til Strætó voru til staðar samningar við Hópbíla sem sáu um akstursþjónustu við fatlað fólk. Hópbílar sáu um að gera þjónustukannarnir hjá notendum þjónustunnar. Niðurstöður þeirra kannana voru á þá leið að notendur vildu hafa styttri pöntunartíma og styttri ferðatíma. Við þessu var orðið í nýjum samningi við Strætó.

Ekki hefur verið gerð slík könnun af hálfu sveitarfélagsins eftir breytingar á þjónustunni. Málafni akstursþjónustunnar hafa þó verið á dagskrá notendaráðs þar sem ræddir hafa verið kostir og gallar núverandi kerfis og tekið tillit til athugasemda eins og samningar gefa færi á.

Fötluðu fólki stendur til boða akstursþjónusta til að geta verið virkir þátttakendur í daglegu lífi.

Kópavogur

Ekki hefur verið sett fram aðgerðaáætlun varðandi akstursþjónustu í Kópavogi.

Árið 2014 var sett inn ákvæði í reglur um ferðaþjónustu í Kópavogi um að farþegar sem ekki gátu nýtt sér sérútbúnaðar bifreiðar ferðaþjónustunnar gætu farið fram á að fá samning um sérstaka útfærslu á framkvæmd þjónustunnar.

Árið 2016 var tekin ákvörðun um að bjóða að nýju út ferðaþjónustu. Til undirbúnings því útboði var farið af stað með tilraunaverkefni sem miðaði að því að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu fyrir farþega og svara betur ólíkum þörfum þeirra.

Ekki hefur verið gerð könnun á ánægju notenda með akstursþjónustu á svæðinu.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Á fundi velferðarráðs 9. apríl 2015 voru samþykktar megináherslur og forgangsröðun velferðarráðs fyrir árin 2016–2020 og 30. júní 2016 voru samþykktar megináherslur og forgangsröðun fyrir árin 2017–2021. Þar kom fram að á árinu 2016 og árunum 2017–2021 skuli fylgja eftir framkvæmd ferðaþjónustu fatlaðs fólks þannig að þjónustan mæti þörfum notenda.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur boðið upp á nemakort fyrir fötluð ungmenni í framhalds- og háskólum frá árinu 2009. Á fundi velferðarráðs 9. júní 2016 var samþykkt að

halda áfram að bjóða upp á slík nemakort sem valkost við greiðslu stakra ferða í ferðaþjónustunni.

Velferðarsvið fékk styrk frá velferðarráðuneytinu til að þróa tilraunaverkefni um akstursmöguleika fatlaðs fólks með því að bjóða upp á aðstoð og þjálfun fyrir þá einstaklinga sem almennt nýta sér ferðaþjónustu fatlaðs fólks en hafa möguleika á að nýta sér almenningsamgöngur. Það verkefni er í vinnslu árið 2016.

Könnun á ánægju notenda með akstursþjónustu á svæðinu hefur ekki verið gerð.

Suðausturland

Innan þjónustusvæðisins hefur ekki verið sett fram aðgerðaáætlun varðandi akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Samkvæmt upplýsingum hafa verið þróaðar nýjar leiðir til að mæta þörfum notenda.

Ekki hefur verið könnuð ánægju notenda með akstursþjónustu á svæðinu.

Sveitarfélagið rekur tvo bíla sem að starfsmenn frekari liðveislu nota til að aka fötluðu fólki eftir óskum þess og þörfum. Fólkið fær þjónustu daglega/oft á dag og ekki þarf að panta fyrir fram.

Suðurland

Samkvæmt upplýsingum hefur hvorki verið sett fram aðgerðaáætlun varðandi akstursþjónustu fyrir fatlað fólk innan svæðisins né þróaðar nýjar leiðir til að mæta þörfum notenda. Þá hefur ekki verið könnuð ánægju notenda með akstursþjónustuna á svæðinu.

Þjónustusvæðið er mjög ólíkt og dreift og því eru reglur og aðstaða fyrir ferðaþjónustu mismunandi. Unnið er náið með notendum og ferðaþjónustuaðilum.

A.5 Upplýsingar

Markmið: Að allt fatlað fólk hafi óhindraðan aðgang að upplýsingum um réttindi sín og þá þjónustu sem í boði er.

Framkvæmd: Sveitarfélög og þjónustusvæði sjái til þess að á heimasíðum þeirra verði aðgengilegt efni fyrir fatlað fólk. Fyrirmynd að framkvæmd gæti verið frá Reykjavíkurborg sem hefur þegar gert nauðsynlegar breytingar á vefsvæði sínu og fengið vottun. Þannig geta hópar fatlaðra sem ekki geta nýtt sér hefðbundna framsetningu efnis notað vefinn. Einnig verði horft til þeirra sem ekki geta notað sér vefinn með aðgengi að upplýsingum hjá ráðgjöfum á viðeigandi stöðum.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Tímabil: Árslok 2013.

Kostnaður:

Mælikvarði: Hlutfall sveitarfélaga sem eru með vottaðar vefsíður við lok tímabils.

Staða og árangur

Á tímabilinu hafa orðið framfarir hvað þennan þátt varðar. Sem dæmi má nefna að nú er allur texti á vefjum Stjórnarráðsins aðgengilegur á talmáli.

Staðan var könnuð hjá sveitarfélögum í gegnum þjónustusvæðin. Þau fengu sendar eftirfarandi spurningar:

1. Hefur verið gerð markviss úttekt á heimasíðu(m) á því hvort efni sé aðgengilegt fötluðu fólki?
 - a) í einstökum sveitarfélögum?
 - b) innan þjónustusvæðisins í heild?
2. Hefur heimasíðu(m) verið breytt og þær aðlagaðar með hliðsjón af þörfum fólks með mismunandi tegundir fatlana?
 - a) í einstökum sveitarfélögum?
 - b) innan þjónustusvæðisins í heild?
3. Hefur farið fram vottun á heimasíðu(m)?
 - a) í einstökum sveitarfélögum?
 - b) innan þjónustusvæðisins í heild?
4. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Eftirfarandi upplýsingar bárust frá þjónustusvæðunum/sveitarfélögum.

Eyjafjörður

Úttekt á vefsíðu(m) varðandi það hvort efni sé aðgengilegt fötluðu fólki er gerð á tveggja ára fresti hjá Akureyrarbæ en ekki á sér stað heildstæð stefnumörkun innan þjónustusvæðisins í heild.

Lítils háttar breytingar hafa verið gerðar á vefsíðum og leitast er við að hafa efni eins aðgengilegt og hægt er á Akureyri en heildstæð stefnumörkun hefur ekki farið fram á þjónustusvæðinu í heild.

Vefsíður hafa ekki verið vottaðar hjá Akureyrarbæ og ekki bárust upplýsingar um hvort svo sé hjá öðrum sveitarfélögum innan þjónustusvæðisins.

Hafnarfjörður

Ekki hefur verið gerð úttekt á því hvort efni sé aðgengilegt fötluðu fólki. Sveitarfélagið hefur fengið tilboð í úttekt sem verið er að skoða.

Ráðgjafarráð (notendaráð fatlaðs fólks) yfirfór vefsíðuna fyrir nokkrum árum og gerði tillögur að breytingum sem hrint var í framkvæmd. Nú er komin ný vefsíða og því þörf á að fara aftur yfir stöðuna.

Síðan er sett upp á þann hátt að lesvélar eiga að skilja hana. PDF-skjöl eru gerð skiljanleg í lesvélum. Annað hefur ekki verið gert sem gæti flokkast undir sértækar lausnir fyrir aðgengismál en þessi mál hafa verið til skoðunar.

Ekki hefur farið fram vottun á vefsíðum en um leið og úttekt er gerð fæst vottun.

Annað sem sveitarfélagið vill koma á framfæri er eftirfarandi:

- Sveitarfélög og þjónustusvæði eiga að sjá til þess að á vefsíðum þeirra verði aðgengilegt efni fyrir fatlað fólk. → Alltaf má gera betur og bæta það efni sem þar er hægt að nálgast.

- Sveitarfélög eiga að gera nauðsynlegar breytingar á vefsvæði sínu svo að það eigi möguleika á að fá vottun. Þannig að hópar fatlaðra sem ekki geta nýtt sér hefðbundna framsetningu efnis geti notað vefinn. → Eitthvað hefur verið unnið í þessu. Ekki ljóst hvort allir liðir séu komnir. Sumir eru kostnaðarsamir.

- Einnig verði horft til þeirra sem ekki geta notað sér vefinn varðandi aðgengi að upplýsingum hjá ráðgjöfum á viðeigandi stöðum. → Alltaf er hægt að fá tíma hjá ráðgjafa eða hringja.

Kópavogur

Ekki hefur verið gerð markviss úttekt á vefsíðu sveitarfélagsins m.t.t. aðgengis fyrir fatlað fólk.

Árið 2012 var unnið að því að samræma vefsíður sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu m.t.t. aðgengis fyrir fatlað fólk. Jafnframt voru textar á vefsíðum samræmdir milli sveitarfélaga.

Aðgengisvottun fór fram árið 2011. Verið er að vinna að nýjum vef sem áætlað er að verði tekinn í notkun í október 2016. Þar verður tekið mið af kröfum um aðgengi fyrir fatlað fólk og er gert ráð fyrir að það fari fram vottun á vefsíðunni.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Í Reykjavík hefur verið gerð markviss úttekt á vefsíðum á því hvort efni sé aðgengilegt fötluðu fólk. Þar er einnig hægt að nálgast upplýsingar á auðlesnu máli og á Seltjarnarnesi er hægt að hlusta á texta lesinn upp.

Innan þjónustusvæðisins í heild hefur vefsíðum verið breytt og þær aðlagðar með hliðsjón af þörfum fólks með mismunandi fötlun:

Í Reykjavík hefur vefsíðan verið vottuð.

Reykjavíkurborg gerði nauðsynlegar breytingar á vefsíðu sinni við yfirfærsluna. Á henni er að finna aðgengilegar upplýsingar um félagsþjónustu og velferð á auðlesnu máli, sérstaklega ætlað fötluðu fólk. Þessar upplýsingar hafa þó ekki verið uppfærðar síðan.

Suðausturland

Ekki hefur verið gerð markviss úttekt á vefsíðu(m) á því hvort efni sé aðgengilegt fötluðu fólk.

Vefsíðan er í vinnslu og hefur hún ekki verið vottuð.

Suðurland

Sveitarfélög innan þjónustusvæðisins á Suðurlandi eru ekki með sameiginlega vefsíðu en þar hefur verið unnið markvisst að því að samræma umsóknir og upplýsingar sem eru aðgengilegar á vefsíðum sveitarfélaganna.

Síðunum hefur ekki verið breytt markvisst með hliðsjón af þörfum fólks með mismunandi fötlun né heldur hafa þær verið vottaðar.

Útbúnir hafa verið upplýsingabæklingar um þjónustu sem fötluðum stendur til boða. Bæklingarnir eru aðgengilegir inni á vefsíðum sveitarfélaganna og hefur þeim einnig verið

dreift víða. Þegar nýir notendur koma í viðtal til ráðgjafa fá þeir bæklinga um þá þjónustu sem er í boði í sveitarfélaginu.

A.6 Menntastofnanir

Markmið: Að allir skólar landsins verði aðgengilegir fötluðum nemendum og aðstandendum.

Framkvæmd: Starfshópur sérfræðinga á sviði skóla- og fötlunarmála semji viðmið og leiðbeiningar fyrir skóla landsins í samráði við notendur eða fulltrúa þeirra. Þar verði tekið tillit til þess að bæði nemendur og foreldrar geta búið við margvíslegar skerðingar sem taka þarf tillit til svo að þeir geti tekið þátt í skólastarfi og félags- og tómstundastarfi.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, hagsmunasamtök fatlaðs fólks og foreldra og skólastofnanir á vegum ríkisins.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður:

Mælikvarði: Hlutfall skóla sem hafa sett sér viðmið um aðgengi.

Staða og árangur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fékk sendar spurningar um stöðuna:

- 1. Hafa verið sett viðmið og/eða leiðbeiningar um aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga?**
 - a) að framhaldsskólum?**
 - b) að háskólum?**
 - c) að öðrum menntastofnunum sem ráðuneytið hefur samið við um kennslu?**
- 2. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Í svörum mennta- og menningarmálaráðuneytisins við fyrstu spurningunni kom fram að viðmið um aðgengi sé að finna í byggingarreglugerð, nr. 112/2012, með áorðnum breytingum. Þar sé m.a. kveðið á um aðgengi fyrir alla og algilda hönnun og einnig í lögum um brunavarnir, nr. 75/2000. Úttektir á aðgengi menntastofnana séu ekki á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins heldur er gerð krafa um aðgengi við allar ný- og viðbyggingar. Eldri byggingar, (sem dæmi má nefna Menntaskólann í Reykjavík), séu undanþegnar þar til kemur að ný- eða viðbyggingum.

Í svörum við a) lið fyrstu spurningar segir að í viðurkenningarferli framhaldsskóla skuli koma fram lýsing á aðstöðu, þ.e. húsnæði skólans og búnaði, ásamt vottorðum frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála, lýsingu á aðgengi fatlaðra og annarri sérhæfðri aðstöðu sem starfsemin kann að krefjast.

Hvað varðar viðmið og/eða leiðbeiningar um aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga að háskólum kemur fram að ekki sé kveðið á um aðgengi í samningum ráðuneytisins við háskóla heldur falli þeir, eins og aðrar opinberar byggingar, undir sömu reglugerð og lög og að ofan greinir.

Mennta- og menningarráðuneytið veitti einnig upplýsingar um aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga að öðrum menntastofnunum sem ráðuneytið hefur samið við um kennslu. Þar kemur fram að í viðurkenningarferli fræðsluaðila (svo sem símenntunarmiðstöðvum) skuli lýsa aðstöðu, þ.e. húsnæði fræðsluaðila og búnaði, ásamt vottorðum frá yfirvöldum heilbrigðis- og brunamála og hvernig aðgengi fatlaðra sé háttað.

Þjónustuvæði í málefnum fatlaðs fólks fengu einnig sendar spurningar um árangur af þessari aðgerð og þá fyrir leik- og grunnskólastigið. Spurningarnar voru samhljóða spurningum sem mennta- og menningarmálaráðuneytið fékk sendar en með áherslu á leik- og grunnskólastigið.

- 1. Hafa verið sett viðmið og/eða leiðbeiningar um aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga?**
 - a) að leik- og grunnskólum innan einstakra sveitarfélaga?**
 - b) að leik- og grunnskólum á þjónustusvæðinu í heild?**
- 2. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Hafnarfjörður

Úttekt m.t.t. aðgengis fatlaðra einstaklinga er að ljúka fyrir alla grunnskóla bæjarins og þegar skýrslan/úttektin hefur borist verður farið í að kostnaðarmeta framkvæmdir sem þarf að vinna í hverjum skóla fyrir sig.

Á næsta ári, 2017, verður farið í að skoða leikskólana sérstaklega og árið 2018 aðrar stofnanir bæjarins, þar á meðal Ráðhúsið að Strandgötu og Framkvæmdasvið á Norðurhelli 2.

Kópavogur

Fylgt er leiðbeiningum sem lög og reglur um aðgengi fatlaðs fólks setja stofnunum sveitarfélagsins.

Ekki hafa verið unnin sérstök viðmið og/eða leiðbeiningar um aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga í einstökum leikskólum og grunnskólum.

Stefnt er að því að vinna úttekt á aðgengismálum fatlaðra einstaklinga í stofnunum bæjarins á árinu 2017.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Fram kemur að sett hafi verið viðmið og/eða leiðbeiningar um aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga í leik- og grunnskólum.

Í skóla án aðgreiningar er sérhverju barni mætt í námi og félagsstarfi óháð atgervi þess og stöðu. Fullgild og virk þátttaka allra barna og virðing fyrir réttindum þeirra er leiðarljós reykvískra grunnskóla. Að allir nemendur eigi kost á að sækja hverfissskóla sinn þar sem þeir fá kennslu við sitt hæfi. Þetta merkir m.a. að foreldrar barna með alvarlega fötlun geta valið um það hvort börn þeirra sækji hverfissskóla, sérskóla eða sérdeildir. Er þetta í samræmi við 16. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Sú grein byggist m.a. á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var á Íslandi 1992 og Salamanca-yfirlýsingunni frá 1994.

Suð austurland

Sett hafa verið viðmið og/eða leiðbeiningar um aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga að leik- og grunnskólum.

Suðurland

Farið er eftir byggingarreglugerðum þegar kemur að hönnun leik- og grunnskóla (skólahúsnæðis). Unnið er í teymi sem fer yfir stöðu einstaklingsins áður en hann byrjar í leikskóla og aðstaðan kortlögð.

Horft hefur verið til ákvæða í byggingarreglugerð um algilda hönnun við þarfagreiningu á aðgengi og aðstöðu í heild sinni við nýbyggingar. Yfirleitt er kallað til teymi ólíkra fagmanna til að kortleggja sem best aðgengi fatlaðs fólks svo hægt sé að mæta öllum án hindrana.

B - Atvinna

Verkefnin í kafla B sem fjallar um atvinnu fatlaðs fólks eru fimm talsins. Markmið þeirra eru að gera vinnustaði aðgengilegri og auka möguleika fatlaðs fólks til virkniúrræða.

B.1 Atvinnupátttaka á almennum vinnumarkaði

Markmið: Að auka og styrkja samstarf um atvinnu fyrir fatlaða við aðila á almennum vinnumarkaði.

Framkvæmd:

a. Stofnaður verði samstarfshópur aðila vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnunar og fulltrúa fatlaðs fólks. Hópurinn skilgreini skýr markmið og aðgerðir sem meðal annars tryggja að fatlað fólk geti unnið á almennum vinnumarkaði með sérstökum stuðningi.

b. Sett verði á laggirnar verkefni þar sem tíu fyrirtæki taki þátt í verkefni undir yfirskriftinni „samfélagsleg ábyrgð“ þar sem fatlað fólk fái tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Samstarfsaðilar: Þjónustusvæði/sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Tímabil: Verkefnið hefjist árið 2012 með skilgreindum áföngum til ársloka 2014.

Kostnaður: Eitt stöðugildi í eitt ár, samtals 8 millj. kr.

Mælikvarði: Fjöldi fyrirtækja sem tekur þátt í verkefninu.

Staða og árangur

Vinnumálastofnun fékk sendar spurningar varðandi stöðu og árangur verkefnisins.

1. **Hefur verið stofnaður samstarfshópur aðila vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnunar og fulltrúa fatlaðs fólks?**
2. **Ef já við fyrstu spurningu, hefur hópurinn þá skilgreint skýr markmið og aðgerðir sem tryggja að fatlað fólk geti unnið á almennum vinnumarkaði með stuðningi?**
3. **Hefur verið sett á laggirnar verkefni um samfélagslega ábyrgð með þátttöku fyrirtækja , til að auka tækifæri fatlaðs fólks til þátttöku á vinnumarkaði?**
4. **Ef já við spurningu þrjú, hversu mörg fyrirtæki taka þá þátt í verkefninu?**

Í svörum Vinnumálastofnunar kom fram að ekki hafi verið stofnaður samstarfshópur aðila vinnumarkaðarins, Vinnumálastofnunar og fulltrúa fatlaðs fólks.

Svör Vinnumálastofnunar við þriðju spurningunni eru eftirfarandi:

„Vinnumálastofnun hefur farið í þrjú verkefni sem höfðu það að markmiði að auka tækifæri fatlaðs fólks til þátttöku á vinnumarkaði með fjölbreyttari tækifærum.

Virkjum hæfileikana – alla hæfileikana. Á ársfundi Vinnumálastofnunar 4. nóvember 2014 var hleypt af stokkunum verkefni sem fékk nafnið *Virkjum hæfileikana - alla*

hæfileikana. Um er að ræða samstarfsverkefni Landssamtakanna Proskahjálpar, Vinnumálastofnunar og Öryrkjabandalags Íslands og er markmið þess að hvetja stofnanir og fyrirtæki til að skapa störf fyrir fólk með skerta starfsgetu. Forsvarsmenn opinberra fyrirtækja og stofnana um allt land fengu heimsóknir frá fulltrúum Vinnumálastofnunar og hagsmunasamtaka þar sem þeir fengu að gjöf hvatningagripi með hvatningu um að skoða hvaða möguleikar væru á ráðningu starfsmanns með fötlun/skerta starfsgetu í þeirra stofnun/vinnustað. Verkefnið hefur skilað fjölda starfstækifæra og hefur orðið opinberum vinnuveitendum hvatning til þess að ráða starfsmenn með skerta starfsgetu/fötlun. Verkefnið er enn í gangi og er að skila störfum og verður unnið með það áfram. Það er mat Vinnumálastofnunar að mikilvægt sé að opinberir aðilar séu í fararbroddi í ráðningum á atvinnuleitendum með fötlun /skerta starfsgetu.

Fyrirmyndardagurinn er annað verkefni sem hófst á árinu 2014. Upphaflega hugmyndin um þennan sérstaka dag er að írskri fyrirmynd. Á þessum degi hafa atvinnuleitendur með fötlun/skerta starfsgetu fengið tækifæri til að kynna sér fjölbreyttan starfsvettvang auk þess sem forsvarsmenn fyrirtækja hafa fengið tækifæri til að kynnast styrkleikum þeirra. Fyrirmyndardagurinn er mikilvægur liður í því að auka möguleika fatlaðs fólks á fjölbreyttri atvinnuþátttöku. Um árlegan viðburð er að ræða og hefur umfang verkefnisins vaxið með ári hverju og á árinu 2016 voru öll landsvæði sem tóku þátt. Á árinu 2016 fengu 100 atvinnuleitendur með fötlun / skerta starfsgetu tækifæri til að vera gestastarfsmenn í 74 fyrirtækjum. Sérstök áhersla var lögð á að fá tækifæri í störfum tengdri ferðapjónustu en á hverju ári er valinn sá atvinnugeiri sem talið er að hafi mest svigrúm til að ráða til sín fleiri fatlaða starfsmenn.

Þriðja verkefnið var 6 mánaða tilraun með tímabundinni ráðningu starfsmanns í verktakavinnu sem hafði það hlutverk að leita að störfum fyrir einstaklinga með fötlun/skerta starfsgetu. Sérstök fjárveiting fékkst í það verkefni úr Framkvæmdaáætlun. Það er mat Vinnumálastofnunar að ekki sé heppilegt að útvista slíkri vinnu þar sem mikla þekkingu þarf til að finna störf við hæfi, sinna kynningu og atvinnuleit fyrir atvinnuleitendur með skerta starfsgetu/fötlun.“

Fram kemur að í verkefninu *Virkjum hæfileikana* hafi 199 stofnanir og sveitarfélög um allt land fengið heimsókn.

Að lokum kemur fram að í mörgum tilvikum þurfi atvinnuleitendur með fötlun/skerta starfsgetu stuðning til að ná tökum á þeim störfum sem þeir eru ráðnir í. Ráðgjafar Vinnumálastofnunar sjái um slíka þjálfun og noti þá vinnubrögð AMS (atvinna með stuðningi) sem m.a. fela í sér að fylgja starfsmönnum og þjálfa þá í nýtt starf.

B.2 Atvinna með stuðningi

Markmið: Að fatlað fólk fái stuðning á almennum vinnumarkaði.

Framkvæmd: Að boðið sé upp á fjölbreytileg úrræði fyrir fatlað fólk á vinnumarkaði sem fylgt sé eftir með einstaklingsbundnum áætlunum eða samningum. Stjórnendur og samstarfsfólk fái fræðslu þegar fatlaður einstaklingur hefur störf í fyrirtækinu.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Samstarfsaðilar: Þjónustusvæði/sveitarfélög, svæðisvinnumiðlanir og hagsmunaaðilar.

Tímabil: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Að gert verði stöðumat í ársbyrjun 2014 um fjölda fatlaðs fólks með stuðningi á almennum vinnumarkaði.

Staða og árangur

Vinnumálastofnun fékk sendar nokkrar spurningar um stöðu og árangur verkefnisins:

1. Er vinnumarkaðsúrræðum fyrir fatlað fólk fylgt eftir með einstaklingsbundnum áætlunum/samningum?
2. Fá stjórnendur og samstarfsfólk fræðslu þegar fatlaður einstaklingur hefur störf í fyrirtækinu?
3. Hefur verið gert stöðumat á fjölda fatlaðs fólks með stuðningi á almennum vinnumarkaði?
4. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Í svörum kemur fram að í verklagsreglum *Atvinnu með stuðningi* sé ávallt notast við einstaklingsmiðaðar áætlanir. Þegar fatlaður eintaklingur hefur störf í fyrirtæki fái viðeigandi aðilar innar fyrirtækisins vitneskju um það ásamt öðrum upplýsingum þar að lútandi. Varðandi upplýsingar um fötlun viðkomandi þá fari það eftir einstaklingnum hvernig sú fræðsla fari fram en ávallt sé lagt upp með að sá sem verið er að ráða segi sjálfur frá sinni fötlun og fái aðstoð frá ráðgjafa AMS til þess, allt eftir þörfum.

Við flutning atvinnamála fatlaðs fólks yfir til Vinnumálastofnunar vann starfshópur á hennar vegum stöðuskýrslu í nóvember 2015. Þar kemur fram að um það bil 700 einstaklingar séu í starfi með sérstökum stuðningi, t.d. AMS, og um það bil 300 manns séu í bið eftir slíkri þjónustu. Ætla má að flestir þeirra sem eru í starfi séu með vinnusamning öryrkja. Þessar tölur eigi við um allt landið.

Einnig kemur fram í svörum Vinnumálastofnunar að það hafi reynst erfitt að afla gagna um fjölda fatlaðs fólks með stuðningi þar sem úrræði í atvinnumálum fatlaðra hafa verið vistuð hjá mismunandi aðilum. Nú þegar ábyrgð atvinnamála fatlaðs fólks er hjá stofnuninni sé unnið að því að þróa gagnagrunn sem auðveldar að halda utan um alla tölfræði um atvinnumál fatlaðra.

Að lokum greinir Vinnumálastofnun frá því að það séu um 800 vinnusamningar öryrkja í gildi núna á landinu; þannig séu 800 einstaklingar í störfum á almennum vinnumarkaði á endurgreiðslusamningi. Nauðsynlegt sé að ljúka gerð nýrrar reglugerðar um örorkuvinnusamninga sem fyrst.

B.3 Virkniúrræði

Markmið: Að fatlað fólk án atvinnu fái tækifæri til að nýta virkniúrræði til jafns við ófatlaða.

Framkvæmd: Fatlað fólk án atvinnu fái tilboð um virkniúrræði sem vari að minnsta kosti fjórar klukkustundir á dag fimm daga vikunnar og fái tækifæri til að takast á við verkefni sem hæfa aldri þess og getu.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Samstarfsaðilar: Þjónustusvæði/sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Að gert verði stöðumat í árslok 2014 um fjölda fatlaðs fólks í virkniúrræðum.

Staða og árangur

[Árið 2016 veitti velferðarráðuneytið 5 millj. kr. styrk til verkefnisins.](#) Styrknum er ætlað að styðja við fjölgun starfstækifæra fyrir fólk með fötlun og auka fjölbreytni starfstilboða. Byggt er á þeirri hugmyndafræði að nýta vinnuframlag sem flestra og vinna þannig gegn félagslegri einangrun og útilokun fatlaðs fólks frá vinnumarkaði og virkri samfélagsþátttöku. Sérstök áhersla verður lögð á atvinnutækifæri fyrir ungt fatlað fólk sem lokið hefur námi á starfsbrautum framhaldsskólanna eða diplómanámi frá Háskóla Íslands. Stefnt er að því að hlutaðeigandi fái starf og stuðning til að sinna því til lengri tíma.

Vinnumálastofnun fékk sendar spurningar um stöðu og árangur verkefnisins.

1. Hefur verið gert stöðumat um fjölda fatlaðs fólks í virkniúrræðum?
2. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Í svari sínu vísar Vinnumálastofnun í áðurnefnda skýrslu um atvinnumál fatlaðra sem starfshópur á hennar vegum skilaði í nóv. 2015 (sjá B.2). Þar kemur fram að áætla megi að í heildina séu um 1.200 einstaklingar í þjónustu á vinnu- og hæfingarstöðvum landsins. Mikilvægt sé að fram fari umræða og í framhaldinu tekin ákvörðun um þjónustustig og stefnu í atvinnumálum fatlaðs fólks.

B.4 Nýsköpunar- og frumkvöðlastarf

Markmið: Að auka nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal fatlaðs fólks.

Framkvæmd: Fötlðu fólk verði skapaðar aðstæður til að vinna að nýsköpun, m.a. með því að koma upp tilraunasmiðjum um landið. Sérstakir frumkvöðlastyrkir verði í boði á hverju ári.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Samstarfsaðilar: Þjónustusvæði/sveitarfélög, hagsmunaaðilar og Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: Þrjú stöðugildi og frumkvöðlastyrkir í þrjú ár, samtals 30 millj. kr.

Mælikvarði: Að þrjár smiðjur verði komnar af stað í árslok 2014.

Staða og árangur

Árið 2015 veitti velferðarráðuneytið Vinnumálastofnun 5 millj. kr. til að vinna verkefninu framgang. [Stofnunin hóf samstarf við Hafnarfjarðarbæ](#) með það að markmiði að auka nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal fatlaðs fólks með gildisaukandi félagslegu hlutverki í starfi og vinna þannig að breyttu viðhorfi samfélagsins til fatlaðs fólks. Önnur markmið verkefnisins voru að auka vald fatlaðs fólks yfir eigin lífi með því að hafa val, vera þátttakendur á vinnumarkaði, að auka sveigjanleika í þjónustu við fatlað fólk varðandi atvinnu og félagslega virkni og að fatlað fólk fengi tækifæri til fullrar þátttöku á eigin forsendum. Verkefnið fékk nafnið *Geitungarnir* og var það valið af þátttakendum verkefnisins sem eru ungmenni sem hafa nýlokið framhaldsskóla.

Vinnumálastofnun var einnig spurð um stöðu verkefnisins að öðru leyti. Í svörum kom fram að ekki hafi verið boðið upp á aðra nýsköpunarstyrki né heldur hafi öðrum tilraunasmiðjum verið komið á laggirnar á tímabilinu. Stofnunin telur mikilvægt að auka nýsköpun í atvinnumálum fatlaðs fólks í samstarfi ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka en slík verkefni kalli á meiri mannafla en stofnunin hefur að óbreyttu yfir að ráða.

B.5 Hugbúnaðar- og tæknigeirinn

Markmið: Að auka þátttöku fatlaðs fólks í hugbúnaðar- og tæknigeiranum.

Framkvæmd: Stofnað verði til samstarfs við hugbúnaðar- og tæknifyrirtæki. Stuðlað verði að þátttöku tíu fatlaðra einstaklinga á ári í verkefnum á þeirra vegum.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Samstarfsaðilar: Þjónustuvæði/sveitarfélög og hagsmunasamtök.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Fjöldi einstaklinga sem hafa tekið þátt í verkefnum árið 2014.

Staða og árangur

Vinnumálastofnun fékk sendar spurningar um stöðu og árangur verkefnisins:

Svör Vinnumálastofnunar

Eftirfarandi eru svör Vinnumálastofnunar við spurningum sem stofnunin fékk um stöðu og árangur verkefnisins:

- 1. Á tímabilinu hefur þá verið stofnað til samstarfs við hugbúnaðar- og tæknifyrirtæki vegna atvinnu fyrir fatlað fólk?**
- 2. Ef já við fyrstu spurningu, hversu margir fatlaðir einstaklingar hafa þá unnið í verkefnum skv. samstarfinu?**

Í svörum kemur fram að ekki hafi verið stofnað sérstaklega til samstarfs beint við hugbúnaðar- og tæknifyrirtæki en Vinnumálastofnun hafi gert samning við *Specialisterne* um kaup á fjórum starfsþjálfunarrýmum. Alls hafi 24 einstaklingar tekið þátt í verkefninu. Af þeim hafi 12 fengið atvinnutækifæri og margir þeirra séu enn í vinnu. Aðrir hafi ekki náð þeim stað að geta hafið störf eða ekki hafi fundist starf við hæfi. Einn þátttakandi hóf nám í Tækniskólanum.

C - Sjálfstætt líf

Verkefnin í kafla C miða að því skapa fötluðu fólki skilyrði til sjálfstæðs lífs með því að bæta einstaklingsmiðaða þjónustu og húsnæði.

C.1 Notendastýrð persónuleg aðstoð

Markmið: Að fötluðu fólki bjóðist notendastýrð persónuleg aðstoð, ef það svo kýs.

Framkvæmd: Að fatlað fólk ráði það aðstoðarfólk sem það sjálft kýs og semji starfslýsingu sem samræmist lífsstíl og kröfum viðkomandi með það að markmiði að fatlað fólk geti stjórnað sínu lífi sjálft að sem mestu leyti. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) verði

lögfest að undangengnu þróunartímabili, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV í lögum um málefni fatlaðra.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfssaðilar: Notendur, sveitarfélög, hagsmunasamtök fatlaðs fólks og stéttarfélög.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Hlutfall fatlaðra notenda með notendastýrða persónulega aðstoð.

Staða og árangur

Í desember árið 2010 var bætt bráðabirgðaákvæðum í lög um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, þar sem fjallað var um samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og samtaka fatlaðs fólks vegna innleiðingar notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Þar kemur fram að sveitarfélög skuli, í samráði við verkefnisstjórn sem skipuð er af ráðherra, leitast við að bjóða fötluðu fólki notendastýrða persónulega þjónustu til reynslu í tiltekinn tíma. Síðastliðin ár hafa nokkur þjónustusvæði landsins tekið þátt í samstarfsverkefninu og veitt notendastýrða persónulega þjónustu til hóps þjónustunotenda. Í ofangreindum bráðabirgðaákvæðum laga um málefni fatlaðs fólks er kveðið á um faglegt og fjárhagslegt mat að samstarfsverkefninu loknu. Velferðarráðuneytið fór þess á leit við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, í samstarfi við Hagfræðistofnun, Rannsóknasetur í fötlunarfræðum og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd að framkvæma rannsóknina. Markmið matsrannsóknarinnar á samstarfsverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð var að bera NPA saman við önnur þjónustuúrræði sem í boði eru fyrir fatlað fólk og leggja mat á það hvort NPA stuðli að sjálfstæðu lífi og almennri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu. Að auki voru borin saman viðhorf NPA-notenda og aðstandenda þeirra annars vegar og annarra þjónustunotenda og aðstandenda þeirra hins vegar til þjónustunnar. Einnig voru kannaðar aðstæður og störf aðstoðarfólks NPA-notenda. Að lokum var rannsókninni ætlað að veita svör við því hver væri kostnaður og ábati af NPA í samanburði við önnur úrræði. Gagnaöflun skiptist í fimm aðskilda hluta: 1) viðhorfskönnun og eigindleg viðtöl við NPA-notendur og samanburðarhóp þjónustunotenda sem nýta sér aðra þjónustu, 2) viðhorfskönnun og eigindleg viðtöl við aðstandendur NPA-notenda og samanburðarhóps, 3) viðtöl við fólk sem starfar við skipulagningu þjónustunnar eða hefur reynslu af starfi í umsýslu NPA-samninga, 4) viðhorfskönnun meðal aðstoðarfólks NPA-notenda og 5) öflun upplýsinga frá þjónustusvæðum um kostnað við þjónustuna.

Niðurstöður matsrannsóknarinnar sýndu að NPA-notendur voru ánægðir með þjónustufyrirkomulagið. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) fól í sér aukinn sveigjanleika og samfellu sem önnur hefðbundnari þjónustuúrræði leyfðu síður. Með þjónustunni fengu notendur aukna stjórn yfir aðstoðinni og gátu hagað henni og skipulagt eftir eigin hentugleikum þannig að hún styddi sem best við þátttöku þeirra í daglegu lífi með öllum sínum fjölbreytileika. Aðstandendur NPA-notenda voru einnig jákvæðir í garð þjónustunnar og töldu þjónustufyrirkomulagið stuðla að auknu sjálfstæði notenda og hafa jákvæð áhrif á fjölskyldulíf og samskipti. Niðurstöðurnar eru þannig í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Pearson, 2012; Shakespeare, 2014; Stainton og Boyce, 2004). Niðurstöður benda enn fremur til þess að ánægja með NPA tengist einna helst því að notendur hafa aukið

sjálfræði yfir þjónustunni og þar með eigin lífi. Meðal annars kom fram að það skiptir notendur miklu að geta stýrt því hver veljist til starfsins. Þegar borin voru saman viðhorf NPA-notenda og samanburðarhóps kom í ljós að NPA-notendur voru mun jákvæðari í garð aðstoðarfólks síns.

Úttekt Félagsvísindastofnunar verður kynnt á ráðstefnu um NPA sem haldin verður 2. nóvember 2016. Alls eru nú 54 NPA-samningar í gildi.

C.2 Val um þjónustu.

Markmið: Að fatlað fólk hafi val um tegund þjónustu og framkvæmd hennar.

Framkvæmd: Áður en þjónustan er veitt fari fram einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf í samstarfi við notandann og gerð verði einstaklingsbundin áætlun í fullu samráði við þann sem nota á þjónustuna. Áætlun sé heildstæð, sveigjanleg og einstaklingsbundin og taki til allra þátta dagslegs lífs. Notendastýrð persónuleg aðstoð verði eitt af þjónustuforumum sem í boði verði í anda hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf.

Ábyrgð: Þjónustusvæði.

Samstarfsaðilar: Notendur.

Tímabil: Verkefnið hefjist árið 2012 og verði viðvarandi en notendastýrð persónuleg aðstoð verði tekin upp í áföngum.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Hlutfall fatlaðra notenda sem eru með einstaklingsbundna áætlun um þjónustu.

Staða og árangur

Þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks, 15 talsins, fengu sendar eftirfarandi spurningar:

- 1. Er alltaf gert einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf í samstarfi við notandann innan þjónustusvæðisins?**
- 2. Er ávallt gerð einstaklingsbundin áætlun í fullu samráði við þann sem nota á þjónustuna og leitast við að hún séu heildstæð og sveigjanleg?**
- 3. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Eftirfarandi upplýsingar bárust frá þjónustusvæðunum.

Eyjafjörður

Ávallt er gert einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf í samstarfi við notandann innan þjónustusvæðisins. Þverfaglegir matshópar afgreiða allar umsóknir um þjónustu í samstarfi við notandann innan þjónustusvæðisins.

Þjónustusamningar hafa verið gerðir við flesta sem eru í búsetuþjónustu. Heildstæðar þjónustuáætlanir hafa ekki verið unnar en að frumkvæði velferðarráðuneytisins kom félagsþjónusta Akureyrarbæjar að vinnslu leiðbeiningaheftis um gerð einstaklingsáætlana. Það hefti hefur ekki verið gefið út. Verið er að þróa sérstakt form fyrir einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir fyrir skammtí mavistun.

Hafnarfjörður

Áður en þjónustan er veitt fer alltaf fram einstaklingsbundið mat á þjónustuþörf í samstarfi við notandann og gerð einstaklingsbundin áætlun í fullu samráði við þann sem nota á þjónustuna. -> Þetta er gert varðandi þá þjónustu sem viðkomandi er að fá.

Gerð þjónustuáætlunar miðar að því að tryggja fötluðu fólki val um tegund þjónustu og framkvæmd. Áætlun sé heildstæð, sveigjanleg og einstaklingsbundin og taki til allra þátta dagslegs lífs. -> Ekki er gerð áætlun fyrir alla sem nær til allra þátta daglegs lífs. Bara hjá þeim sem eru með viðamikla þjónustu s.s. sólarhringsþjónustu.

Annað sem sveitarfélagið óskar eftir að koma á framfæri er að verkefni C2 Val um þjónustu – NPA verði eitt af þjónustuforumum sem í boði verði í anda hugmyndafræðinnar um sjálfstætt líf. -> Sem stendur er NPA í boði í formi tilraunaverkefnis og því ekki opið öllum, alltaf.

Kópavogur

Leitast er við að gera einstaklingsbundið mat á þjónustupörf í samstarfi við notanda þegar unnið er að því að meta þörf fyrir þjónustu. Matið verður ítarlegra eftir því sem þjónustupörf eykst, t.d. vegna umsóknar um aðstoð á heimili, sbr. reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, nr. 1054/2010.

Einstaklingsbundnar áætlanir eru gerðar í samráði við notanda. Í þjónustukjörnum og á heimilum fatlaðs fólks er gerð ítarleg einstaklingsbundin áætlun, að jafnaði einu sinni á ári. Það er ávallt leitast við að þjónusta við fatlað fólk sé eftir þess óskum og að hún sé heildstæð og sveigjanleg.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Fram kemur að alltaf sé gert einstaklingsbundið mat á þjónustupörf í samstarfi við notandann innan þjónustusvæðisins og að unnið sé að innleiðingu á einstaklingsbundinni þjónustuáætlun. Aftur á móti sé beðið leiðbeininga frá velferðarráðuneytinu vegna einstaklingsbundinna þjónustuáætlana.

Reykjavíkurborg hefur lokið við innleiðingu á stuðningsþjónustureglum sem taka m.a. til þjónustu við fatlað fólk. Innleiðing er hafin á verklagi að gerð einstaklingsbundinna þjónustuáætlana, sbr. 7. gr. reglugerðar 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

Tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) byggist á IV. bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks. Reykjavíkurborg er þátttakandi í tilraunaverkefninu og reglur þar að lútandi voru samþykktar í velferðarráði 21. mars 2013 og í borgarráði 4. apríl 2013. Félags- og húsnæðismálaráðherra ákvað upphafi í árs 2015 að tilraunaverkefnið yrði framlengt um tvö ár, eða út árið 2016. Velferðarráð og borgarráð samþykktu í desember 2014 áframhaldandi þátttöku velferðarsviðs í tilraunaverkefninu. Verkefninu er ætlað að þróa leiðir til að taka upp notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk. Á tilraunatímabilinu verður leitast við að fá víðtæka reynslu úr verkefninu. Fjöldi samninga sem gerðir voru á tilraunatímabilinu miðast við það fjárframlag sem borgarráð samþykkti til verkefnisins, greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og það fjármagn sem sparast vegna þjónustu sem fellur niður. Leitast var við að ná til fjölbreytts hóps sem býr við mismunandi aðstæður. Unnt var að bjóða 14 umsækjendum þátttöku í tilraunaverkefninu, en tekin var ákvörðun um að framlengja ekki einn samning sem var í gildi árið 2015 og er því NPA-þjónusta veitt til 13 aðila á árinu 2015.

Suðausturland

Samkvæmt svörum frá Suðausturlandi þá er oftast gert einstaklingsbundið mat á þjónustupörf í samstarfi við notandann innan þjónustusvæðisins.

Ávallt er gerð einstaklingsbundin áætlun í fullu samráði við þann sem nota á þjónustuna og leitast við að hún séu heildstæð og sveigjanleg.

Suðurland

Fram kemur í svörum frá Suðurlandi að alltaf sé gert einstaklingsbundið mat á þjónustupörf í samstarfi við notandann innan þjónustusvæðisins. Á sama hátt er það regla að gerð sé einstaklingsbundin áætlun í fullu samráði við þann sem nota á þjónustuna og leitast við að hún séu heildstæð og sveigjanleg

Ekki eru allir notendur reiðubúnir til að gerð sé einstaklingsbundin áætlun.

C.3 Samfella og öryggi í þjónustu

Markmið: Að auka öryggi og samfellu í þjónustu við fatlað fólk.

Framkvæmd: Þegar einstaklingur/barn í fjölskyldu hefur fengið greiningu á fötlun fái einstaklingurinn/fjölskyldan tilboð um tengilið sem fylgir þeim svo lengi sem hann/hún vill og telur þörf fyrir. Félagsþjónusta sveitarfélaga tilnefni tengilið/fagaðila í samráði við notandann.

Ábyrgð: Þjónustusvæði.

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Tímabil: Verkefnið hefjist árið 2012 og verði viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Hlutfall notenda á hverju þjónustusvæði sem fengið hafa tengilið.

Staða og árangur.

Þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks fengu sendar eftirfarandi spurningar:

1. Er einstaklingi/fjölskyldu sem greinst hefur með fötlun alltaf boðið upp á tengilið (málstjóra)?
2. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Eftirfarandi svör bárust.

Eyjafjörður

Flest börn að 16 ára aldri á þjónustusvæðinu hafa fastan tengilið og virk teymisvinna er með fjölskyldum barnanna. Lögð er áhersla á samfellu í þjónustu og sem dæmi má nefna að þá flutti skammtíamavistun fatlaðs fólks og skólavistun 10–20 ára í sama hús árið 2014. Þannig þurfa börnin og ungmennin nú eingöngu að fara á einn stað.

Hafnarfjörður

Allir notendur fá tengilið/ráðgjafa sem sinnir þeirra málum.

Kópavogur

Velferðarsvið tilnefnir ráðgjafa (málastjóra) sem er tengiliður fjölskyldunnar eftir að málið kemur til sviðsins. Velferðarsvið fær upplýsingar um mál fjölskyldunnar með eftirfarandi hætti;

- a. Greiningarstöð boðar fulltrúa velferðarsviðs til fundar.
- b. Sótt er um umönnunarmat þar sem ráðgjafar velferðarsviðs veita umsögn og gera tillögur að umönnunarmati.
- c. Fjölskyldan sækir um þjónustu til velferðarsviðs.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Einstaklingi/fjölskyldu sem greinst hefur með fötlun er alltaf boðið upp á tengilið (málastjóra).

Félagsráðgjafar og aðrir starfsmenn á þjónustumiðstöðvum borgarinnar hafa það hlutverk að starfa sem tengiliðir fyrir notendur þjónustunnar og halda utan um mál viðkomandi. Gera þarf frekari áætlunir um það hvernig skuli staðið að tilnefningu tengiliða þegar að greining hefur farið fram. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur hafið innleiðingu samkvæmt áfangaskiptri áætlun á einstaklingsáætlunum, þjónustusamningum og einstaklingsbundinni þjónustuáætlun. Beðið er leiðbeininga frá ráðuneytinu vegna einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar.

Suðausturland

Alltaf er myndað teymi þegar nýtt barn kemur í þjónustu, skipaður er teymisstjóri/tengiliður en það er ekki alltaf aðili frá félagsþjónustu heldur sá aðili sem er í mestum tengslum við fjölskylduna, t.d. þroskaþjálfari eða sérkennari.

Suðurland

Einstaklingi/fjölskyldu sem greinst hefur með fötlun er alltaf boðið upp á tengilið (málastjóra). Þó er ekki hægt að segja að um val á tengilið sé að ræða þar sem fáir starfsmenn eru á hverju félagsþjónustusvæði.

C.4 Aðgengi að þjónustu

Markmið: Að tryggja að þjónusta við fatlað fólk á heimili sínu uppfylli þjónustubörf á hverju þjónustusvæði og stefna að því að biðlistum verði eytt markvisst.

Framkvæmd: Í hverju sveitarfélagi verði gerð áætlun um það hvernig mæta eigi þörf fyrir þjónustu þannig að bið eftir þjónustu verði í lágmarki og aldrei meiri en tólf mánuðir, sbr. reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.

Ábyrgð: Þjónustusvæði.

Samstarfsaðilar: Sveitarfélögin.

Tímabil: Áætlanagerð sé lokið fyrir árslok 2012. Mæling á árangri verði gerð í árslok 2014.

Kostnaður: Kostnaðaráætlun liggja fyrir í árslok 2012.

Mælikvarði: Fjöldi þjónustusvæða sem hefur lokið áætlanagerð árið 2012. Hlutfall einstaklinga sem fá úrlausn innan tólf mánaða.

Staða og árangur

Þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks fengu sendar eftirfarandi spurningar:

1. Hafa sveitarfélög innan þjónustusvæðisins gert áætlanir um hvernig mæta megi þörf fyrir þjónustu með hliðsjón af biðtíma, sbr. reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu?
2. Eru einstaklingar á biðlista eftir þjónustu, sem hafa beðið lengur en 12 mánuði eftir þjónustu?
3. Ef já við annarri spurningu, þá vinsamlega svarið hversu hátt hlutfall notenda þarf að bíða lengur en 12 mánuði eftir viðunandi þjónustu.
4. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Svör þjónustusvæðanna fara hér á eftir.

Eyjafjörður

Reynt er eftir bestu getu að mæta þörf fyrir þjónustu með hliðsjón af biðtíma, sbr. reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Ef byggja þarf húsnæði tekur það yfirleitt lengri tíma en 12 mánuði og telur Akureyrarbær ástæðu til þess að hafa þennan tíma lengri eða allt að tvö ár. Árið 2013 var sett fram áætlun um þörf og leiðir til að mæta henni.

Það eru einstaklingar á biðlista eftir þjónustu sem hafa beðið lengur en 12 mánuði.

Um síðustu áramót var 31 einstaklingur á biðlista eftir sértæku húsnæði og 13 biðu eftir að komast á áfangaheimili. Þar af höfðu allir nema tveir beðið lengur en 12 mánuði. Biðtími í aðra þjónustu er styttri.

Um það bil 10% notenda þurfa að bíða lengur en 12 mánuði eftir viðunandi þjónustu.

Hafnarfjörður

Biðlistum hefur ekki verið eytt og ekki er hægt að tryggja að bið eftir þjónustu verði í lágmarki og aldrei meiri en 12 mánuðir, sbr. reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Verst er staðan í húsnæðismálum. Margir bíða eftir húsnæði svo þeir geti flutt úr foreldrahúsum.

Það eru einstaklingar á biðlista eftir þjónustu sem hafa beðið lengur en 12 mánuði. Fyrst og fremst er um að ræða einstaklinga sem bíða eftir húsnæði.

Af þeim sem óska eftir félagslegu eða sértæku húsnæði (og væru tilbúnir að flytja í dag) og falla undir málefni fatlaðs fólks eru 23 af 26 sem hafa beðið lengur en ár. En almennt eru þessir einstaklingar að fá þjónustu í þeim aðstæðum sem þeir eru í, í dag.

Kópavogur

Við gerð fjárhagsáætlunar er hverju sinni tekið mið af biðlista og umsóknum um þjónustu, sbr. reglugerð nr. 1054/2010.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Það eru einstaklingar á biðlista eftir þjónustu sem hafa beðið lengur en 12 mánuði. Í þeim tilvikum eru þeir að bíða eftir sértækri búsetu.

Suðausturland

Ekki eru einstaklingar á biðlista eftir þjónustu sem hafa beðið lengur en 12 mánuði.

Suðurland

Fagteymi og Þjónusturáð hafa lagt fram búsetustefnu fram til ársins 2014 en sú stefna hefur ekki verið samþykkt af Bergrisanum ehf.

Það eru einstaklingar á biðlista eftir þjónustu sem hafa beðið lengur en 12 mánuði.

Löng bið er eftir búsetu með sólarhringsaðstoð (86% umsækjenda hafa beðið 12 mánuði eða lengur). Nokkrir einstaklingar eru á biðlista eftir breyttu búsetuformi og hafa þeir beðið í töluverðan tíma. Einnig er töluverð bið eftir félagslegu leiguhúsnæði þó heldur lengri eftir íbúð hjá Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ).

Biðlisti er eftir búsetu með sólarhringsaðstoð, félagslegu leiguhúsnæði og leiguhúsnæði hjá ÖBÍ. Biðlisti er eftir skammtímavistun sem rekja má til þess að aðrir einstaklingar eru á biðlista eftir varanlegri búsetu. Einnig er bið eftir stuðningsfjölskyldum en það stafar af því að það vantar fjölskyldur.

C.5 Hjálpartæki/tæknilausnir

Markmið: Að fatlað fólk fái tækifæri til að nýta sér nútímatækni og tæknitengdar lausnir þegar þjónusta er veitt.

Framkvæmd: Hjálpartækjamiðstöð ásamt samstarfsaðilum kynni tæknilausnir og tækninýjungar fyrir notendum og starfsfólki sveitarfélaga.

Ábyrgð: Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands.

Samstarfsaðilar: Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Blindrabókasafn Íslands.

Tímabil: 2012–2013.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Hlutfall starfsfólks þjónustusvæða sem hefur fengið fræðslu.

Staða og árangur

Auglýstir voru styrkir til meistara- og doktorsnema til þess að vinna að verkefnum á sviði nýsköpunar á vettvangi velferðarþjónustu sveitarfélaga. Styrkupp hæð nam samtals 1 millj. kr. Markmiðið er að stuðla að nýsköpun og frumkvöðlahugsun þar sem leitað er nýrra leiða til að auka lífsgæði notenda velferðarþjónustunnar. [Sjá nánar á vef velferðarráðuneytisins.](#)

Auglýstir voru styrkir til nýsköpunarverkefna á sviði velferðarþjónustu sveitarfélaga. Markmið er að stuðla að nýsköpun og frumkvöðlahugsun þar sem leitað er nýrra leiða til að auka lífsgæði notenda velferðarþjónustunnar í nútíð og framtíð. Styrkirnir nema samtals 3 millj. kr. [Sjá nánar á vef velferðarráðuneytisins.](#)

Gerður var samningur vegna nýsköpunarverkefna hjá Reykjavíkurborg og Akureyrarbæ, samtals 1 millj. kr.

Veittur var 2,5 millj. kr. styrkur til Hjálpartækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) til að veita leiðsögn í meðferð og þróun tjáskiptatækja. Styrkurinn var nýttur til að fylgja eftir fjórum til fimm einstaklingum sem eru með flókinn tjáskiptabúnað. Fram fór endurmat á

notkun búnaðarins, til að mynda tæknistillingar og aðlögun hans, ásamt því sem veittar voru leiðbeiningar miðað við breyttar þarfir og notkun.

Haldið var málþing um nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu. Kostnaður var um 2 millj. kr. [Sjá nánar á vef velferðarráðuneytisins.](#)

Hjálpartækjamiðstöð fékk sendar eftirfarandi spurningar um stöðu og árangur af verkefninu.

- 1. Hafa tæknilausnir og tækninýjungar verið kynntar fyrir notendum og starfsfólki sveitarfélaga á tímabilinu?**
- 2. Ef já við fyrstu spurningu, hvert er þá hlutfall þjónustusvæða/sveitarfélaga sem fengið hefur kynningu?**
- 3. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands fékk 2,5 millj. kr. styrk til að fylgja verkefninu eftir. Styrknum var varið til að fylgja eftir nokkrum einstaklingum sem eru með flókinn tjáskiptabúnað. Veitt var einstaklingsbundin ráðgjöf og leiðbeiningar og einnig var búnaðurinn aðlagður og tæknistilltur miðað við þarfir og notkun hvers og eins. Unnið var með endurhæfingaraðilum, starfsfólki sveitarfélaga og söluaðilum eftir þörfum. Reynslan af búnaðinum og notagildi hans var kannað.

Skoðað var hvernig þessum málum er háttað í nágrennalöndum Íslands. Í ljós kom að mikilvægt er að aðstandendur og aðstoðarfólk í nærumhverfi fái þjálfun til að tryggja að notendur hafi sem mest gagn af tæknibúnaði til tjáningar og félagslegra samskipta. Í samtölum við notendur kom fram að mikilvægt er að fólk fái þjálfun og stuðning og að því sé fylgt eftir, til að búnaður nýtist sem skyldi. Í Finnlandi starfa víða sérfræðingateymi sem samstanda af iðjuþjálfara, talmeinafræðingi og tæknimanni sem eru þjálfurum, notendum og aðstandendum til aðstoðar. Teymin sækja þekkingu sína og þjálfun til sameiginlegrar þekkingarmiðstöðvar óhefðbundinna tjáskiptaleiða sem starfar á landsvísu. Áhugavert væri að eiga samstarf við þessa þekkingarmiðstöð í Finnlandi sem hefur unnið að þessum málum í mörg ár, t.d. til að kenna og þjálfa íslenskt sérfræðingateymi.

Gerð var lausleg athugun á því hverjir sækja um flókinn tjáskiptabúnað fyrir skjólstaðinga sína og hvernig staðið er að mati á þörf, prófun tækis, aðlögun og afhendingu sem og þjálfun og eftirfylgni. Mótuð hafa verið drög að verkferli þegar velja þarf flókinn tjáskiptabúnað. Þar er mælt með því að til staðar sé sérfræðingateymi sem þjóni landinu öllu og veiti aðstoð og ráðgjöf um sérhæfð og flókin mál. Nauðsynlegt er talið að bæta þjálfun og eftirfylgni og að þessir þættir séu í höndum fagaðila, þ.e. iðjuþjálfara, sjúkrþjálfara og talmeinafræðinga í nærumhverfi notenda, svo sem í heimaþjónustu sveitarfélaga/heilsugæslu. Verkefninu er ekki að fullu lokið og mögulega taka drög að verkferli einhverjum breytingum eftir því sem verkefninu miðar áfram.

C.6 Sveigjanlegt vinnufyrirkomulag í þjónustu við fatlað fólk

Markmið: Að auka sveigjanleika í vinnufyrirkomulagi þjónustu við fatlað fólk.

Framkvæmd: Sett verði á fót tilraunaverkefni á tveimur þjónustusvæðum í samvinnu við stéttarfélögin sem miði að því að breyta viðhorfum og vinnufyrirkomulagi í þjónustu við fatlað fólk. Gert verði stöðumat við upphaf verkefnis á ánægju notenda með þjónustu og við lok verkefnis.

Ábyrgð: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samstarfsaðilar: Þjónustusvæði, stéttarfélög og notendur.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: 75% stöðugildi í þrjú ár, 6 millj. kr. á ári, samtals 18 milljónir kr.

Mælikvarði: Ánægja notenda með þjónustuna.

Staða og árangur

Ekki hefur verið unnið að framgangi þessarar aðgerðar á tímabilinu.

C.7 Val um búsetu

Markmið: Að fatlað fólk hafi til jafns við aðra val um búsetu í samræmi við óskir sínar og þarfir.

Framkvæmd: Fjölbreyttir húsnæðiskostir verði í boði og áætlun sett þar um. Allt húsnæði uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, um lágmarksstærð einkarýmis og aðgengi. Kannað verði hvernig unnt sé að auka aðgengi fatlaðs fólks að lánnum á hagstæðum kjörum til íbúðarkaupna og styrkjum og/eða lánnum til breytinga á eigin húsnæði sem og nauðsynlegra breytinga á húsnæði fjölskyldna fatlaðra barna.

Ábyrgð: Þjónustusvæði.

Samstarfsaðilar: Íbúðalánasjóður og velferðarráðuneytið.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: Kostnaðargreining liggja fyrir árið 2013.

Mælikvarði: Hlutfall þjónustusvæða þar sem áætlun er lokið árið 2012.

Staða og árangur

Þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks fengu sendar eftirfarandi spurningar:

1. Hefur verið útbúin áætlun sem miðar að því að allir húsnæðiskostir sem fötluðu fólki standa til boða uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, um lágmarksstærð einkarýmis og aðgengi?
2. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Svörin eru eftirfarandi:

Eyjafjörður

Í 10 ára áætlun Akureyrarbæjar er gert ráð fyrir að allar nýjar byggingar uppfylli ákvæði reglugerðar og þar er einnig að finna áætlun um breytingar á því húsnæði sem uppfyllir ekki kröfur en verður í notkun áfram.

Hafnarfjörður

Áætlun um uppbyggingu húsnæðis hefur gengið vel en þokast hægt áfram.

Kópavogur

Að fenginni tillögu félagsmálaráðs Kópavogs samþykkti bæjarráð í september 2014 áætlun um uppbyggingu húsnæðisúrræða fyrir fatlaða til ársins 2026. Áætlunin gerir ráð fyrir 62 nýjum búsetuúrræðum í mismunandi útfærslum; dreifðum félagslegum íbúðum, félagslegum leiguíbúðum í klasa og íbúðakjörnum með sólarhringsþjónustu. Íbúðirnar taka mið að ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010 um stærð húsnæðis.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Hinn 3. apríl 2014 var samþykkt í velferðarráði og borgarstjórn „Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013 – 2023.“ Þar kemur fram varðandi húsnæði að fatlað fólk skuli hafa val um húsnæði til jafns við aðra. Nægjanlegt framboð skuli vera af sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk sem Reykjavíkurborg ber ábyrgð á. Borgin þarf að koma til móts við þarfir þess fatlaða fólks sem velur að búa í leiguhúsnæði á vegum borgarinnar og þarf á því að halda. Reykjavíkurborg ber ábyrgð á uppbyggingu húsnæðis sem mætir sértækum þörfum fólks vegna fötlunar þess.

Húsnæðis- og búsetudeild velferðarsviðs Reykjavíkurborgar hefur lagt fyrir velferðarráð uppbyggingaráætlun um sértæka húsnæðismöguleika sem munu verða hannaðir með sérþarfir einstaklinganna í huga.

Með erindisbréfi 6. janúar 2015 var skipaður starfshópur sem skilaði af sér skýrslu sem innihélt áfangaskipta áætlun um að leggja niður herbergjasambýli. Verður fyrsti áfangi lagður fyrir velferðarráð 15. september 2016.

Suðausturland

Ekki hefur verið útbúin áætlun sem miðar að því að allir húsnæðiskostir sem fötluðu fólki standa til boða uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, um lágmarksstærð einkarýmis og aðgengi.

Suðurland

Ekki hefur verið útbúin áætlun á þjónustusvæðinu. Fagteymi og þjónusturáð hafa lagt fram búsetustefnu fram til ársins 2024, en sú stefna hefur ekki verið samþykkt af Bergrisanum ehf. Í þeirri stefnu voru m.a. lögð drög að nýju húsnæði í stað herbergjasambýlis. Á þjónustusvæðinu eru rekin heimili af einkaaðilum og flestir íbúar eru í herbergjasambýlum en ekki hefur verið gerð krafa um breytt búsetuform.

Hallarekstur hefur verið á húsnæði fyrir fatlaða á þjónustusvæðinu undanfarin tvö ár og því hefur ekki verið hægt að fjölga né breyta búsetuúrræðum á svæðinu.

C.8 Húsnæðisgerð

Markmið: Að öll heimilisumgjörð fatlaðs fólks fullnægi almennum viðmiðum um heimili fólks samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fólk á heimili sínu.

Framkvæmd: Gerð verði áætlun á hverju þjónustusvæði í samvinnu sveitarfélaga, hagsmunaaðila og notenda þar sem tekið sé mið af gildandi reglugerð. Lögð verði niður í áföngum búseta sem ekki uppfyllir framangreind skilyrði, svo sem herbergjasambýli. Aukin verði framlög í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að mæta kostnaði við aukna húsnæðisþörf.

Ábyrgð: Þjónustusvæði.

Samstarfsaðili: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

Tímabil: Áætlun liggja fyrir í lok árs 2012 og stöðumat verði unnið árið 2013.

Kostnaður: Mat á þörf fyrir aukin fjárfrahlög liggja fyrir árið 2014.

Mælikvarði: Fækkun herbergjasambýla.

Staða og árangur

Þjónustusvæðin fengu sendar eftirfarandi spurningar:

1. Hafa búsetuúrræði, sem ekki uppfylla skilyrði samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fólk á heimili sínu, verið lögð niður frá árinu 2012 (þegar framkvæmdaáætlunin tók gildi)?
2. Ef já við fyrstu spurningu, þá vinsamlega tilgreinið hversu mörg slík úrræði hafa verið lögð niður?
3. Eru enn búsetuúrræði sem ekki uppfylla skilyrði reglugerðarinnar í notkun?
4. Ef já við þriðju spurningu, þá vinsamlega tilgreinið hversu hátt hlutfall þau úrræði eru af öllum úrræðum sem eru í notkun?
5. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Þau svör sem bárust eru rakin hér á eftir.

Eyjafjörður

Markvisst hefur verið unnið að því að ná því markmiði að leggja niður öll búsetuúrræði sem ekki uppfylla skilyrði samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fólk á heimili sínu. Á tímabilinu 2011–2015 voru lögð niður sjö herbergjasambýli. Í dag eru þrjú eftir í rekstri Akureyrarbæjar og er áætlað að leggja niður eitt árið 2017 og annað árið 2019.

Þessi þrjú herbergjasambýli eru u.þ.b.15% búsetuúrræða sem eru í notkun á svæðinu.

Hafnarfjörður

Ekki er enn búið að leggja neitt herbergjasambýli niður. Þó er uppi áætlun um að leggja niður eitt slíkt búsetuform þar sem nýtt húsnæði verður byggt. En því er ekki enn lokið. Verkefnið er kostnaðarsamt og mörg herbergjaheimili í sveitarfélaginu.

Í Hafnarfirði eru fimm búsetukjarnar þar af tveir með sameiginlegu rými. Alls eru sex herbergjaheimili í Hafnarfirði og þar af eitt með blandaðri útfærslu, þ.e. tvær íbúðir og þrjú stór herbergi með sér baðherbergi.

Kópavogur

Við yfirfærslu í janúar 2011 fluttist rekstur þriggja herbergjasambýla, sem ekki uppfylla skilyrði samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010, yfir til sveitarfélagsins. Það sama ár lagði Kópavogsbær niður eitt herbergjasambýli og gerði íbúum þess kleift að flytja í íbúðakjarna. Ás styrktarfélag er með samning við Kópavogsbæ um rekstur eins heimilis sem uppfyllir ekki skilyrði í reglugerð. Í áætlun bæjarins um uppbyggingu á íbúðum fyrir fatlað fólk er gert ráð fyrir að eitt herbergjasambýli til viðbótar verði lagt niður.

Eitt sambýli var lagt niður árið 2011 en ekkert herbergjasambýli hefur verið lagt niður frá árinu 2012.

Í dag eru þrjú herbergjasambýli í Kópavogi sem ekki uppfylla skilyrði reglugerðar, tvö sem rekin eru af sveitarfélaginu og eitt sem rekið er af styrktarfélaginu Ási samkvæmt samningi við Kópavogsbæ.

Í Kópavogi eru átta íbúðakjarnar, þar af eru þrjú heimili sem ekki uppfylla skilyrði reglugerðar. Um er að ræða 49 íbúa og þar af búa 15 í húsnæði sem ekki uppfyllir skilyrði í reglugerð.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Á tímabilinu hafa þrjú herbergjasambýli verið lögð niður hjá Reykjavíkurborg. Þessi sambýli eru Drekvogur, Sogavegur og Strýtuselið. Þó eru enn rekin úrræði sem ekki uppfylla skilyrði reglugerðarinnar.

Reykjavíkurborg rekur 14 herbergjasambýli og tvo búseturendurhæfingarmöguleika í herbergjasambýlum. Það gerir 29% af heildarfjölda þeirra úrræða sem Reykjavíkurborg rekur í sértækum húsnæðisúrræðum.

Suðausturland

Frá árinu 2012 hafa ekki hafa verið lögð niður búsetuúrræði sem ekki uppfylla skilyrði samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fólk á heimili sínu.

Suðurland

Sökum fjárskorts hefur ekki verið hægt að leggja niður búsetuúrræði sem ekki uppfylla skilyrði samkvæmt reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fólk á heimili sínu, og er slíkt húsnæði því enn í notkun.

Á þjónustusvæðinu eru 79 búsetuúrræði. Af þeim eru 25 í formi herbergjasambýlis eða 31,6%.

Á Suðurlandi er lögð áhersla á að mikilvægi þess að nægt fjármagn fylgi málaflokknum svo hægt sé að bjóða upp á viðunandi búsetuúrræði.

C.9 Heildræn þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra

Markmið: Að öll fötluð börn alist upp í fjölskyldu.

Framkvæmd: Börn á öllum aldri fái heildstæða þjónustu. Áætlun verði gerð fyrir hvert barn um hvernig skuli samþætta félags-, skóla- og frístundaþjónustu í samræmi við aldur, fötlun og þarfir barnsins og fjölskyldu þess.

Ábyrgð: Þjónustusvæði.

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög, skólar, frístundaheimili og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Tímabil: Viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma en fjármagn gæti þurft að flytja milli þjónustubátta.

Mælikvarði: Hlutfall fatlaðra barna á hverju þjónustusvæði með heildstæða áætlun árin 2013 og 2014.

Staða og árangur

Þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks fengu sendar eftirfarandi spurningar:

1. Er gerð áætlun fyrir fötluð börn um hvernig skuli samþætta félags-, skóla- og frístundaþjónustu í samræmi við aldur, fötlun og þarfir barnsins og fjölskyldu þess?
2. Ef já við annarri spurningu, hvert er þá hlutfall fatlaðra barna þjónustusvæðisins sem fá þjónustu og eru með heildstæða áætlun sem nær yfir þessa þætti?
3. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Greint er frá þeim upplýsingum sem bárust hér fyrir neðan.

Eyjafjörður

Í kringum öll börn með mikla þjónustubörf er starfandi teymi, með þátttöku allra þjónustuaðila. Þar er farið reglulega yfir þörf fjölskyldunnar fyrir þjónustu og áætlun gerð fram í tímann.

Börn sem eru með flókna þjónustubörf fá heildstæða áætlun en það er um það bil þriðjungur allra fatlaðra barna.

Hafnarfjörður

Í skólum og leikskólum eru unnar einstaklingsáætlanir fyrir fötluð börn. Unnið er að fjölskyldumiðaðri þjónustu með það markmið að samþætta þjónustu og ná fram ásættanlegum gæðum þjónustunnar. Gerðar voru viðamiklar breytingar á Fjölskylduþjónustunni með það að markmiði að samþætta þjónustu fatlaðs fólks annarri þjónustu. Ekki er þó hægt að framkvæma þetta verkefni að öllu leyti nema með auknum kostnaði þar sem meiri mannskap þarf í verkefnið. Börn sem njóta þjónustunnar eru því ekki með heildstæða áætlun.

Nú eru unnar áætlanir fyrir þau börn sem eru með viðamikla þjónustu og því þörf á samþættingu með öðrum kostum, en einungis eru unnar áætlanir varðandi þá þjónustu sem barnið er að fá.

Svör frá Kópavogi

Ekki eru gerðar formlegar áætlanir sem innihalda alla þessa þætti á vegum velferðarsviðs. Áætlanir eru til fyrir flest börn í leikskólum og grunnskólum varðandi þjónustu þar og oft innifelur hún þá þjónustu sem velferðarsvið veitir. Samstarf milli skóla og velferðarsviðs er mjög gott. Reglulegir teymisfundir og upplýsingaflæði er gott vegna þeirra barna sem eru í þörf fyrir þjónustu beggja aðila.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Gerð er áætlun fyrir þau börn sem njóta samsettrar þjónustu.

Ekki er hægt að draga saman nákvæmar upplýsingar úr gagnagrunni borgarinnar. Þau börn sem eru með miklar þjónustubörf eru oftast með teymi fagfólks frá skóla, frístund og félagsþjónustu.

Boðið er upp á heildstæða skóla- og frístundaþjónustu á þjónustusvæðinu fyrir börn frá því að þau byrja á leikskóla og þar til námi í framhaldsskóla lýkur. Sérfræðingar á þjónustumiðstöðvum sem fara með mál barna og fjölskyldna hafa yfirsýn yfir alla þjónustu og stuðla að samþættingu hennar, eftir því sem við á hverju sinni. Innleiðing á einstaklingsbundinni þjónustuáætlun er hafin hjá velferðarsviði en beðið er leiðbeininga frá velferðarráðuneytinu.

Svör frá Suðausturlandi

Ekki hafa verið gerðar heildaráætlanir fyrir fötluð börn um hvernig skuli samþætta félags-, skóla- og frístundaþjónustu í samræmi við aldur, fötlun og þarfir barnsins og fjölskyldu þess.

Svör frá Suðurlandi

Gerðar eru áætlanir fyrir þau börn sem hafa þörf fyrir umfangsmikla þjónustu.

Um það bil 80% fatlaðra barna á svæðinu sem fá þjónustu eru með heildstæða áætlun sem nær yfir þessa þætti.

D – Heilbrigði

Verkefnin í kaflanum um heilbrigði miða að því að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að heilbrigðisþjónustu til jafns við aðra. Lögð er áhersla á að heilbrigðisþjónustan sé í stakk búin til að axla ábyrgð á þjónustu við einstaklinga með sérhæfðar heilsuþarfir vegna fötlunar.

D.1 Heilsugæslan

Markmið: Að efla heilsugæslu sem grunnheilbrigðisþjónustu til að mæta þörfum fatlaðs fólks.

Framkvæmd: Hlutverk heilsugæslunnar verði endurskoðað með tilliti til þarfa fatlaðs fólks. Starfsfólki með fjölbreytta fagmenntun verði fjölgað til að mæta þörfum fatlaðs fólks og fólks með langvinna sjúkdóma.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Heilsugæslustöðvar.

Tímabil: Endurskoðun verði lokið og tillögur lagðar fram fyrir árslok 2013.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Fjölgun fagstétta innan heilsugæslunnar.

Staða og árangur

Í kjölfar samþykktar tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 funduðu fulltrúar velferðarráðuneytisins og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) um mögulega framkvæmd verkefnisins. Innan heilsugæslunnar var skipaður fulltrúi sem fylgdi málinu eftir. Sjá einnig [kynningu Gerðar A. Árnadóttur á vörnamskeiði Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins 2015](#).

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins fékk sendar spurningar um stöðu og árangur verkefnisins á tímabilinu.

1. Hefur farið fram endurskoðun á hlutverki heilsugæslunnar m.t.t. þarfa fatlaðs fólks á tímabilinu?
2. Er orðin meiri fjölbreytni í fagmenntun starfsfólks, heldur en í upphafi tímabils?
3. Ef já við annarri spurningu, þá vinsamlega greinið frá þeirri breytingu sem orðið hefur.
4. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Í inngangi að svörum kom fram að skipaður hefði verið stýrihópur til að vinna að framgangi tveggja verkefna samkvæmt framkvæmdaáætluninni og hefði hann fundað reglulega fram á vor 2013. Í hópnum voru:

Lúðvík Ólafsson, framkvæmdastjóri lækninga,
Þórunn Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar,
Gerður Aagot Árnadóttir, sérfræðingur í heimilislækningum,
Hrönn Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur,
Hildur Björg Ingólfssdóttir, sérfræðingur í heimilislækningum.

Hópurinn fundaði reglulega fram á vor 2013.

Í svörum kom að öðru leyti fram að rætt hafi verið um endurskoðun á hlutverki heilsugæslunnar, m.t.t. þarfa fatlaðs fólks á tímabilinu, en lítil breyting orðið þar á. Ekki hefur náðst að fjölga starfsfólki með fjölbreytta fagmenntun varðandi þarfir fatlaðs fólks. Aukið hefði verið við þekkingu starfsfólks með fræðslufundum þar sem m.a. er fjallað um sértækar og almennar þarfir, geðheilbrigði og hugmyndafræði tengda fötlun. Einnig voru kynntar niðurstöður rannsókna sem sýna að reglulegt heilsueftirlit kemur í veg fyrir eða seinkar þekktum heilsuvanda ákveðinna hópa fatlaðra. Vilji sé innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að gera betur hvað varðar þjónustu við fatlaða. Rík áherla er lögð á að greiða götu fatlaðra sem leita eftir þjónustu heilsugæslunnar.

D.2 Geðheilbrigðisþjónusta

Markmið: Að fatlað fólk fái geðheilbrigðisþjónustu sem best hentar þörfum hvers og eins.

Framkvæmd: Geðheilbrigðisþjónusta verði veitt í auknum mæli í nærumhverfi einstaklings með starfi samfélagsgeðteyma með aðkomu félagsþjónustu, heilsugæslu og sérfræðiþjónustu. Gerð verði áætlun um geðheilbrigðisþjónustu á hverju þjónustusvæði. Brynt er að viðtalsmeðferð hjá viðurkenndum meðferðaraðila sé aðgengileg óháð efnahag.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri, heilsugæslan og þjónustusvæði.

Tímabil: Gerð verði áætlun um geðheilbrigðisþjónustu á hverju þjónustusvæði. Vinnan hefjist árið 2012 og verði lokið 2014.

Kostnaður: Gerð áætlunar innan ramma.

Mælikvarði: Hlutfall þjónustusvæða þar sem samfélagsgeðteymi hefur verið komið á.

Staða og árangur

Skrifstofa heilbrigðisþjónustu í velferðarráðuneytinu fékk sendar spurningar um stöðu og árangur verkefnisins.

- 1. Hefur aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu í nærumhverfi batnað á tímabilinu:**
 - a) á höfuðborgarsvæðinu?**
 - b) utan höfuðborgarsvæðisins?**
- 2. Hefur samfélagsgeðteymum verið komið á laggirnar á tímabilinu?**
- 3. Liggur fyrir áætlun um geðheilbrigðisþjónustu innan einstakra heilbrigðisumdæma?**
- 4. Hvert er hlutfall heilbrigðisumdæma þar sem starfa samfélagsgeðteymi?**
- 5. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Í svörum við fyrstu spurningunni kemur fram að á árinu 2014 hafi hafist vinna við stefnu um geðheilbrigðisþjónustu þar sem aðgerðir til að bæta aðgengi voru m.a. á dagskrá. Í samræmi við áherslur stefnunnar hafi sálfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum verið eflað verulega um allt land. Stöðugildi sálfræðinga í heilsugæslunni á landsvísu voru 15 árið 2015 en þeim fjölga um átta á árinu 2016. Áætlað er að fjölga þeim um 14 til viðbótar á árunum 2017–2018. Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) mun fljótlega taka við rekstri Geðheilsustöðvar Breiðholts frá Reykjavíkurborg og stefnt er að því að fjölga slíkum stöðvum í þrjár á höfuðborgarsvæðinu fram til ársins 2017 þannig að íbúar á öllu höfuðborgarsvæðinu geti notið sambærilegrar þjónustu. Einnig standi til að auka verulega við námskeið í

hugrænni atferlismeðferð hjá HH. Aðgerðir til að auka þjónustuna hafi fram að þessu einkum beinst að því að draga úr þróun geðvanda meðal barna, en með aukningunni næstu tvö ár sé einnig verið að bæta við þjónustu fyrir fullorðna. Á árinu 2016 var framlag til þroska- og hegðunarstöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins aukið tímabundið til að stytta biðtíma eftir þjónustu.

Varðandi samfélagsgeðteymi kemur fram að samfélagsgeðheilbrigðisþjónusta sé í boði víða um landið. Landspítali (LSH) reki „samfélagsgeðteymi fyrir langveika einstaklinga með alvarlega geðrofssjúkdóma á höfuðborgarsvæðinu. Á Vesturlandi er samstarfsverkefni Akranesbæjar, skóla og heilsugæslu um sálfræðiþjónustu við unglunga og um endurhæfingarhúsið HVER. Hugræn atferlismeðferð er veitt á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í samvinnu við LSH. Á Norðurlandi er mikið samstarf milli geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri og félagsþjónustu Akureyrarbæjar vegna þjónustu og meðferðar fólks með geðheilsuvanda. Þá er samstarfssamningur milli Sjúkrahússins á Akureyri og Barna- og unglिंगageðdeildar LSH þar sem lögð er áhersla á að auka þjónustu í nærsamfélagi við börn með geðheilsu vanda. Á Austurlandi var rekið verkefnið Aðstoð við börn og ungmenni með geðheilsu vanda og á Suðurlandi er rekin ráðgjafar- og meðferðarþjónusta fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) hefur starfað sérstakt geðteymi frá 2011 þar sem boðið er upp á meðferð á göngudeild. Á heilsugæslu HSS starfar einnig forvarnar- og meðferðarteymi sem veitir börnum og fjölskyldum þeirra ráðgjöf og meðferð með það að markmiði að grípa inn í á fyrstu stigum vandans.“

Bent er á þingsályktun um geðheilbrigðisstefnu sem samþykkt var í apríl 2016 hvað varðar áætlun um geðheilbrigðisþjónustu innan einstakra heilbrigðisumdæma. Þar komi fram tillögur um fjölmargar aðgerðir sem flokkast í eftirfarandi þrjá kafla:

- A. Samþætta og samfellda þjónustu við fólk með geðraskanir og fjölskyldur þeirra.
- B. Geðrækt og forvarnir.
- C. Fordóma og mismunum.

Tillögur að aðgerðum miðast við að öll heilbrigðisumdæmin geri áætlanir byggðar á geðheilbrigðisáætluninni. Þá megi segja að í öllum heilbrigðisumdæmum starfi samfélagsgeðteymi þó að útfærslan geti verið mismunandi eftir stöðum, sbr. einnig það sem þegar hefur komið fram.

Að lokum er bent á að hægt sé að finna greinargóða lýsingu á framboði á þjónustu fyrir fólk með geðheilsuvanda í athugasemdum við þingsályktunartillöguna um geðheilbrigðisstefnuna, frá bls. 11. Þar sé greint frá stöðunni í hverju heilbrigðisumdæmi fyrir sig eins og hún var á árinu 2015.

D.3 Þjálfun og endurhæfing.

Markmið: Að fötluðu fólki verði tryggður aðgangur að nauðsynlegri þjálfun, svo sem sjúkra-, iðju- og talþjálfun, í samræmi við þarfir, óháð efnahag.

Framkvæmd: Myndaður verði starfshópur fagfólks og notenda til að vinna tillögur um:

- a. hámarkskostnaðarþátttöku í þjálfun og endurhæfingu og
- b. aukið aðgengi fatlaðs fólks að reglubundnum þjálfunar- og endurhæfingarlotum.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Heilsugæslan, endurhæfingarstöðvar og fagfólk á sviði endurhæfingar og þjálfunar.

Tímabil: Tillögur liggi fyrir í árslok 2012.

Kostnaður: Gerð áætlunar innan ramma.

Mælikvarði: Að samþykktar reglur liggi fyrir með áætlun um kostnaðarpáttöku fatlaðs fólks í þjálfun og endurhæfingu.

Staða og árangur

Eftirfarandi spurningar voru sendar til skrifstofu heilbrigðisþjónustu í velferðarráðuneytinu:

1. Liggja fyrir tillögur um hámarkskostnaðarpáttöku í þjálfun og endurhæfingu fyrir fatlað fólk?
2. Liggja fyrir tillögur um hvernig má auka aðgengi fatlaðs fólks að reglubundnum þjálfunar- og endurhæfingarlotum?
3. Liggja fyrir samþykktar reglur um kostnaðarpáttöku fatlaðs fólks í þjálfun og endurhæfingu?

Í svörum kemur fram að nýlega hafi verið samþykkt lög um nýtt greiðslupáttökukerfi heilbrigðisþjónustu, nr. 77/2016, um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum. Þar er kveðið á um að ráðherra ákveði með reglugerð hámarksgreiðslur sjúkratryggðs einstaklings í hverjum almanaksmánuði. Hámarksgreiðsla hjá öldruðum, öryrkjum og börnum skal ekki vera hærra en 2/3 hlutar af greiðslum annarra sjúkratryggðra. Kostnaður vegna þjálfunar er nú hluti af almenna afsláttarkerfinu. Áður gildi sérstakt afsláttarkerfi fyrir þjálfun sem gerði það að verkum að einstaklingur þurfti að borga gjald upp að afsláttarmarki í tveimur kerfum í stað eins nú.

Fram kemur að ekki liggi fyrir sérstakar tillögur um hvernig auka megi aðgengi fatlaðs fólks að reglubundnum þjálfunar- og endurhæfingarlotum en aðgengið sé það sama fyrir fatlaða og aðra og byggist á þörf þeirra fyrir þjónustu. Í gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir sjúkra-, iðju- og talþjálfun eru gjaldflokkar fyrir börn með umönnunarbætur og lífeyrisþega nokkuð lægri en fyrir aðra. Almennt greiða einstaklingar 20% lægra gjald ef fjöldi meðferðarskipta er á bilinu 6–30. Þetta atriði er óbreytt eftir gildistöku laganna.

Varðandi það hvort fyrir liggi samþykktar reglur um kostnaðarpáttöku fatlaðs fólks í þjálfun og endurhæfingu er vísað til svars við 1. liðnum um greiðslupáttökukerfi heilbrigðisþjónustu þar sem kveðið er á um hámarksgreiðslur sjúkratryggðra einstaklinga. Þau gilda fyrir fatlaða jafnt sem aðra sjúkratryggða.

D.4 Sértekur vandi

Markmið: Að þróa úrræði til að mæta sértækum vanda fatlaðs fólks í tengslum við alvarlega sjúkdóma, lífsstíl og ofbeldi.

Framkvæmd: Settir verði á laggirnar tveir starfshópar:

- a. Annar kortleggi meðferðarúrræði og komi með tillögur um leiðir til úrbóta þegar saman fara alvarlegur lífsstílvandi og fötlun eða alvarlegir sjúkdómar og fötlun.
- b. Hinn leggi fram tillögur um hvernig megi draga úr ofbeldi gegn fötluðu fólki í samfélaginu og tillögur til stuðnings þeim sem verða fyrir ofbeldi. Horft verði sérstaklega til þess að fötluð börn eiga frekar á hættu að verða fyrir ofbeldi en ófötluð börn.

Ábyrgð: Embætti landlæknis.

Samstarfsaðilar: Heilsugæsla, félagsþjónusta, hagsmunasamtök fatlaðs fólks og Stígamót og sambærileg samtök.

Tímabil: Hópar verði settir á laggirnar árið 2012 og starfi út árið 2013.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Að tillögur liggi fyrir eigi síðar en í árslok 2013.

Staða og árangur

Embætti landlæknis vann greinargerð um meðferðarúrræði samkvæmt a lið og vann einnig tillögur um hvernig draga megi úr ofbeldi gegn fötluðu fólki, sbr. b lið. Einnig styrkti velferðarráðuneytið verkefnið með beinum fjárframlögum.

[Gert var samkomulag við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum](#) um útgáfu og dreifingu á kynningarefni um ofbeldi gegn fötluðum konum og hvert fatlaðar konur gætu sótt stuðning hafi þær sætt ofbeldi. Styrkupp hæðin nam 1,8 millj. kr.

Um er að ræða prentun bæklinga og skýrslna sem út komu í tengslum við rannsóknarverkefnið: [Ofbeldi gegn fötluðum konum og aðgengi þeirra að stuðningsúrræðum](#) (Access to specialised victim support services for women with disabilities who have experienced violence).

Barnaverndarstofa fékk 3 millj. kr. til að styrkja rannsókn og meðferð mála þegar grunur er um að fatlað barn hafi sætt ofbeldi. Haldin var ráðstefna þar sem veitt var almenn fræðsla til fagfólks sem hefur aðkomu að þessum málum með það að markmiði að auka vitund þess og þekkingu á þessu sviði og veita leiðbeiningar um viðeigandi viðbrögð. Að auki var haldið námskeið um efnið fyrir starfsfólk stofnana sem vinna að málefnum fatlaðs fólks og annað námskeið fyrir starfsfólk Barnahúss þar sem fjallað var um rannsókn og meðferð þessara mála.

[Leikni ehf. fékk tvo styrki](#), samtals að upphæð 1,5 millj. kr., til að koma á fót fræðsluvef fyrir unglunga og fullorðið fólk með þroskafrávik. Þar má m.a. finna fræðslu um þróun ástarsambanda og muninn á einkarými og almannafæri.

Skrifstofa heilbrigðisþjónustu í velferðarráðuneytinu fékk sendar spurningar um hvort tillögur Embættis landlæknis hefðu verið nýttar við þróun meðferðarúrræða þegar saman fara alvarlegur lífsstíllsvandi og/eða sjúkdómar og fötlun. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofunni þá eru mörg þeirra úrræða sem bent er á í greinargerð starfshóps embættisins hluti af þeirri hugmyndafræði sem liggur til grundvallar geðheilbrigðisáætlun og þeirri vinnu sem unnin hefur verið undanfarin ár til að bæta þjónustu við fatlaða. Ekki liggja fyrir nákvæmar áætlanir um þróun mismunandi úrræða og hvernig tillögurnar eru nýttar á hverjum stað.

Tillögur Embættis landlæknis um hvernig draga megi úr ofbeldi gegn fötluðu fólki voru teknar til skoðunar innan stýrihóps landsamráðs gegn ofbeldi sem er samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta þar sem horft er til þess hvernig megi nýta þær í vinnu innan málasviðsins.

D.5 Reglulegar heilbrigðisskoðanir

Markmið: Að einstaklingum með sértækar heilbrigðisþarfir tengdar fötlun verði boðnar reglulegar heilbrigðisskoðanir, að minnsta kosti einu sinni á ári.

Framkvæmd: Fatlað fólk hafi aðgang að föstum heimilislækni til að tryggja samfellu í þjónustunni. Þá beri heilsugæslu að hafa frumkvæði að því að mæta einstaklingum með sértækar þarfir í fyrirbyggjandi starfi sínu, svo sem í mæðra- og ungbarnavernd og forvörnum, meðal annars varðandi kynheilbrigði. Einnig verði hugað sérstaklega að aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum og fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem skimunum og ónæmisaðgerðum.

Ábyrgð: Heilsugæslustöðvar.

Samstarfsaðilar: Notendur þjónustunnar og þjónustuvæði.

Tímabil: Í árslok 2013 skal allt fatlað fólk hafa fastan heimilislækni.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Hlutfall fatlaðra einstaklinga með sértækar heilbrigðisþarfir á hverju þjónustuvæði sem eru í reglubundnu eftirliti.

Staða og árangur

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) fékk sendar spurningar um stöðu og árangur verkefnisins á tímabilinu:

1. Hefur allt fatlað fólk aðgang að föstum heimilislækni sem tryggir samfellu í þjónustu við önnur þjónustukerfi?
2. Hefur heilsugæslan frumkvæði að því að mæta einstaklingum með sértækar þarfir, svo sem í mæðra- og ungbarnavernd og forvörnum, t.d. kynheilbrigði?
3. Er hugað sérstaklega að aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum?
4. Er hugað sérstaklega að aðgengi fatlaðs fólks að fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem skimunum og ónæmisaðgerðum?
5. Hvert er hlutfall fatlaðra einstaklinga innan umdæmis Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem er í reglubundnu eftirliti hjá heimilislækni?

Samkvæmt svörum heilsugæslunnar þá hefur ekki allt fatlað fólk aðgang að föstum heimilislækni. Engu að síður hefur verið unnið að verkefninu á tímabilinu og fléttaðist framkvæmd þess saman við D.1 um heilsugæsluna, samanber það sem sagt er hér að ofan. Í fyrstu lotu var lögð áhersla á að þroskaheftir og einhverfir hefðu aðgang að föstum heimilislækni sem tryggir samfellu í þjónustunni. Tekið er fram að heilsugæslustöðvarnar í Grafarvogi, Glæsibæ, Garðabæ og Seltjarnarnesi séu með alla fatlaða á sínum svæðum skráða á heimilislækni. Í haust mun heilsugæslan í Grafarvogi hefja innleiðingu á verklagi (Reglulegt heilsueftirlit – Innkallanir- einstaklingsáætlun) samkvæmt áætlun HH, sjá <https://www.heilsugaeslan.is/kennsla-verklag-visindi/leidbeiningar/heilsueftirlit-fatlads-folks/>.

Fram kemur að heilsugæslan hafi frumkvæði að því að mæta einstaklingum með sértækar þarfir. Í mæðra- og ungbarnavernd fá seinfærir foreldrar sérstakan stuðning og utanumhald, sjá leiðbeiningar í handbók landlæknis í ung- og smábarnavernd fyrir seinfæra foreldra (bls. 323, gr. 8.3, eins sjá má á meðfylgjandi slóð http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item21268/2ungbarnavernd_leidbeiningar_1_2.05.13.pdf).

Hvað varðar aðgengi fatlaðs fólks að upplýsingum kemur fram í svörum heilsugæslunnar að nýr vefur HH sé í stöðugri þróun. Markmiðið sé að fyrir liggi fræðsluefni fyrir alla notendur þjónustunnar. Fræðsluefni fyrir þroskahefta og einhverfa á auðskildu máli sé í undirbúningi.

Ekki bárust svör við spurningum um hvort hugað sé sérstaklega að aðgengi fatlaðs fólks að fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem skimunum og ónæmisaðgerðum né heldur hvert sé hlutfall fatlaðra einstaklinga innan umdæmis Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sem er í reglubundnu eftirliti hjá heimilislækni.

E - Ímynd og fræðsla

Markmið með verkefnum í kaflanum um ímynd og fræðslu er auka skilning almennings um stöðu og málefni fatlaðs fólks. Lögð er áhersla á virka þátttöku fatlaðs fólks.

E.1 Hugmyndafræði og orðræða

Markmið: Að auka vitund almennings um stöðu fatlaðs fólks og breyta sýn samfélagsins á fötlun.

Framkvæmd: Ráðist verði í samhæft átak um að beina sjónum samfélagsins að stöðu fatlaðs fólks. Skipulögð verði ímyndarherferð þar sem aðaláherslan verður lögð á mannréttindi og aukna þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið/réttindavakt ráðuneytisins.

Samstarfsaðilar: Hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Mælingar sem sýna breytingu á viðhorfum til fatlaðs fólks.

Staða og árangur

Í desember 2013 veitti réttindavakt velferðarráðuneytisins 8 millj. kr. styrk til [ímyndarherferðar sem nefndist *Vetrarhæfileikarnir*](#). Með þeim var markað upphaf að ímyndarátaki þar sem markmiðið var að vekja athygli á hæfileikum fólks og halda því til haga hve dýrmætt það er að allir geti sameinast í fjölbreytileikanum. Birtar voru auglýsingar í sjónvarpi og netmiðlum í þeim tilgangi að vekja með jákvæðum og skemmtilegum hætti athygli á styrkleikum fatlaðs fólks og hæfileikum.

[Veittir hafa verið styrkir til sjónvarpsþáttanna *Með okkar augum*](#), samtals að upphæð 5,5 millj. kr. Sérstaða þáttanna er sú að fólk með þroskahömlun er beggja vegna linsunnar, þ.e.a.s. það sér um dagskrárgerð, tækur, kynningar, o.fl. en nýtur aðstoðar fagfólks. Þættirnir hafa það að markmiði að breyta ímynd fólks með þroskahömlun í samélaginu og fræða almenning um getu þessa hóps, skoðanir og langanir. Líta má svo á að gerð sjónvarpsþáttanna sé jafnframt liður í því að uppfylla skyldur samkvæmt 8. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um að stuðla að vitundarvakningu um stöðu fatlaðs fólks og auka virðingu fyrir réttindum þess og mannlegri reisn.

Réttindavakt velferðarráðuneytisins fékk sendar spurningar um stöðu og árangur verkefnisins.

1. Hefur verið skipulögð önnur ímyndarherferð eða aðrar aðgerðir en *Vetrarhæfileikarnir* þar sem áherslan er á mannréttindi og aukna þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu?
2. Hafa *Vetrarhæfileikarnir* verið endurteknir eða herferðinni fylgt eftir á annan hátt?
3. Er réttindavaktinni kunnugt um að farið hafi fram mælingar á viðhorfi til fatlaðs fólks?
4. Ef já við þriðju spurningu, hverjar eru þá niðurstöður þeirra mælinga?

Í svörum réttindavaktarinnar kemur fram að ekki hafi verið skipulögð önnur ímyndarherferð eða aðrar aðgerðir en *Vetrarhæfileikarnir* með áherslu á mannréttindi og aukna þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu en átak Vinnumálastofnunar hafi þó verið ákveðið framhald af *Virkjum hæfileikana*.

Vetrarhæfileikarnir hafa ekki verið endurteknir eða herferðinni fylgt eftir á annan hátt en þó má segja að herferðin hafi nýst áfram í átaki Vinnumálastofnunar sem bar sömu yfirskrift, enda rökrétt framhald, sbr. einnig aðgerð E.6. Sjónvarpsauglýsingarnar voru nýttar þar. Einnig hafa auglýsingarnar verið birtar við og við í kringum hátíðir og notaðar á ráðstefnum.

Í svörum er sérstaklega bent á að *Vetrarhæfileikarnir* hafi verið viðburður sem haldinn var í Borgarleikhúsinu milli jóla og nýárs 2013. Þar var markað upphaf herferðarinnar *Virkjum hæfileikana* sem saman stóð af sjónvarpsauglýsingum, kynningarstarfi og fleiru. Á þessum viðburði hafi fatlaðir og ófatlaðir listamenn komið fram og hvatningarverðlaunin *Kyndillinn* verið afhent til RÚV vegna þáttanna *Með okkar augum* og umfjöllunar um íþróttir fatlaðs fólks.

Varðandi mælingar á viðhorfi til fatlaðs fólks er bent á skýrsluna *Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga* frá árinu 2013 sem unnin var af Félagsvísindastofnun og Rannsóknasetri í fötlunarfræðum sjá http://www.obi.is/media/utgafa/Dreifirit_OBI.pdf. Meðal þess sem þar kom í ljós var að fordómar virðast mestir í garð þeirra sem eru geðfatlaðir og þeirra sem eru með þroskahömlun.

E.2 Hvatningarverðulaun til fjölmiðla

Markmið: Að auka sýnileika fatlaðs fólks í fjölmiðlum og fá fram faglega og upplýsandi umfjöllun um stöðu og réttindi fatlaðs fólks í samfélaginu.

Framkvæmd: Réttindavakt velferðarráðuneytisins skipi dómnefnd sem velji og verðlauni fjölmiðil sem skarað hefur fram úr við að fjalla um málefni fatlaðs fólks á faglegan hátt út frá þátttöku, aðgengi og réttindum þeirra.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið/réttindavakt ráðuneytisins.

Samstarfsaðilar: Hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Að hvatningarverðlaun verði veitt á tímabilinu.

Staða og árangur

[Á tímabilinu var *Kyndillinn*, hvatningarverðlaun til fjölmiðla, veittur](#) tvisvar sinnum, árin 2013 og 2014.

Réttindavakt velferðarráðuneytisins fékk sendar spurningar um stöðu og árangurs verkefnisins:

1. **Hafa fjölmiðlaverðlaun verið veitt í samræmi við lýsingu á framkvæmd aðgerðinnar oftast en árin 2013 og 2014?**
2. **Ef nei við fyrstu spurningu, hver er þá ástæða þess að hætt var að veita verðlaunin?**
3. **Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Samkvæmt því sem fram kemur í svörum þá voru fjölmiðlaverðlaunin ekki veitt oftast en árin 2013 og 2014. Afhending *Kyndilsins* féll vel að viðburðinum *Virkjum hæfileikana* en að mati réttindavaktarinnar skilar slík viðurkenning ein og sér ekki þeirri athygli sem þarf. Lagt er til að tengja slíkt reglubundnum viðburðum á vegum réttindavaktarinnar. Ástæðan er að auki sú að aðgerðinni fylgdi ekki fjármagn en það hefur haft hamlandi áhrif.

Að lokum er þeirri spurningu velt upp hvort það samræmist slíkri áætlunargerð að negla niður markmið sem hverfist um eina aðgerð.

E.3 Fræðsla til starfsfólks og kjörinna fulltrúa sveitarfélaga

Markmið: Að auka þekkingu á málefnum fatlaðs fólks og skilning á margbreytileika samfélagsins.

Framkvæmd: Samið verði fræðsluefni fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk félagsþjónustu og námskeið verði haldin með skipulögðum hætti á öllum þjónustusvæðum félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið/réttindavakt ráðuneytisins.

Samstarfsaðilar: Hagsmunasamtök og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarðar: Hlutfall kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins annars vegar og starfsfólks félagsþjónustu hins vegar sem hefur setið námskeið á tímabilinu.

Staða og árangur verkefnisins

Velferðarráðuneytið veitti tvo styrki til að vinna að framgangi verkefnisins. [Veittur var styrkur til Menntavísindasviðs Háskóla Íslands](#) vegna gerðar fræðsluefnis í formi námskeiða á netinu fyrir starfsfólk sveitarfélaga sem starfar í þjónustu við fatlað fólk. Styrkurinn nam tæpri 1 millj. kr.

Að auki var gert samkomulag við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum um útgáfu og dreifingu á kynningarefni um ofbeldi gegn fötluðum konum og hvert þær geti sótt stuðning hafi þær orðið fyrir ofbeldi. Ráðuneytið styrki verkefnið um 1,8 millj. kr.

E.4 Þekking heilbrigðisstarfsfólks

Markmið: Að efla þekkingu heilbrigðisstarfsfólks á málefnum fatlaðs fólks og skilning á margbreytileika samfélagsins.

Framkvæmd: Gerð verði víðtæk fræðsluáætlun fyrir heilbrigðisstarfsfólk um málefni fatlaðs fólks, m.a. um eðli fatlana og viðhorf gagnvart fötluðu fólk, um samskiptaleiðir og nálgun í þjónustu við fatlað fólk og um heilsuvanda og heilsutengdar þarfir. Starfshópur skipaður fulltrúum faghópa og fulltrúum fatlaðs fólks komi að samningu efnisins. Fræðslan verði skipulögð innan hvers heilbrigðisumdæmis.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið/réttindavakt ráðuneytisins.

Samstarfsaðili: Embætti landlæknis.

Tímabil: Fræðsluefni verði tilbúið fyrir árslok 2013. Vinna við útfærsluna hefjist árið 2014.

Kostnaður: 2 millj. kr. til fræðsluefnis.

Mælikvarði: Hlutfall heilsugæslustöðva þar sem fræðsla hefur farið fram í árslok 2014.

Staða og árangur

Ekki hefur verið unnið að verkefninu með fullnægjandi hætti á tímabilinu en hugmyndir hafa komið upp þess efnis að útvíkka vefinn, samkvæmt E.3 þannig að efnið mæti einnig þörfum heilbrigðisstarfsfólks.

Réttindavaktin var spurð hvort um frekari framgang verkefnisins hefði verið að ræða. Í svörum vaktarinnar kom fram að Embætti landlæknis hafi verið boðið að nýta sér fræðslupakkann fyrir sveitarfélögin en embættið ekki svarað því boði með skýrum hætti.

E.5 Menntun heilbrigðisstétta

Markmið: Að auka færni heilbrigðisstarfsfólks í umönnun fatlaðs fólks og skilning á málefnum þeirra.

Framkvæmd: Menntun heilbrigðisstétta verði endurskoðuð út frá nútímaviðhorfum og siðferðilegum viðmiðum í málefnum fatlaðs fólks þar sem tekið er mið af hugmyndafræði um fötlun sem leggur áherslu á félagslegar aðstæður, sjálfstætt líf og mannréttindi. Komið verði á kennslu um heilsufarsþætti tengda fötlun í námi allra heilbrigðisstétta.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Menntastofnanir með kennslu á heilbrigðisvísindasviði.

Tímabil: 2012–2015.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Endurskoðun námskráa verði lokið fyrir árslok 2014.

Staða og árangur

Mennta og menningarmálaráðuneytið var spurt um stöðu og árangur af verkefninu. Spurningin var þessi:

1. Er ráðuneytinu kunnugt um að menntastofnanir hafi endurskoðað námskrár með það að markmiði að auka færni heilbrigðisstarfsfólks í umönnun fatlaðs fólks og skilning á málefnum þeirra?

Í svari ráðuneytisins kemur fram að undanfarin ár hafi staðið yfir endurskoðun á námsbrautum í framhaldsskólum. Gert sé ráð fyrir að þeirri endurskoðun ljúki á árinu 2017. „Lýsingar á námsbrautum koma til umsagnar hjá ráðuneytinu áður en til staðfestingar kemur, en það verkefni er á höndum Menntamálastofnunar. Þær námsbrautir sem í boði eru á framhaldsskólastigi og tengjast heilbrigðisgreinum hafa allflestar í boði námsáfanga sem koma inn á málefni fatlaðra með einum eða öðrum hætti. Stundum er um skylduáfanga að ræða en einnig valáfanga. Er þá helst um að ræða áfanga sem tengjast þroska einstaklinga, ólíkri nálgun heilbrigðisstarfsfólks að mismunandi einstaklingum og einnig má finna sérstaka áfanga í fötlunarfræðum. Námsleiðir í háskólum eru á ábyrgð skólanna sjálfra og ekki hefur

verið gerð sérstök skoðun af hálfu ráðuneytisins á því hvort áhersla er lögð á málefni fatlaðra.“

E.6 Fræðsla til vinnuveitenda á almennum og opinberum markaði

Markmið: Að atvinnurekendur séu vel meðvitaðir um stöðu og færni fatlaðs fólks.

Framkvæmd: Útfærð verði fræðsluáætlun sem beinist að vinnuveitendum á hinum almenna og opinbera vinnumarkaði. Áhersla verði lögð á stöðu og færni fatlaðs fólks og mikilvægi þess að ávallt sé tekið tillit til hagsmuna fatlaðs fólks þegar ákvarðanir eru teknar í fyrirtækjum, stofnunum og ráðuneytum.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið/réttindavakt ráðuneytisins.

Samstarfsaðilar: Hagsmunasamtök, Vinnumálastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímabil: Fyrir árslok 2012.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Aukið hlutfall fatlaðs fólks á vinnumarkaði.

Staða og árangur

Verkefnið tengist mjög verkefni E.1 en árið 2015 fékk [Vinnumálastofnun 2 millj. kr. styrk til að ráða verkefnisstjóra](#) sem hitti vinnuveitendur og kynnti þann stuðning sem stendur til boða af hálfu hins opinbera þegar fatlað fólk er ráðið til starfa. Leitast er við að þróa ráðgjöf og stuðning við fatlaða atvinnuleitendur, m.a. með valdeflingu, fræðslu og starfsþjálfum á vinnustöðum. Einnig hefur verið efnt til fræðslu fyrir atvinnurekendur til að kynna tækifæri og áskoranir sem felast í því að ráða fatlað fólk til vinnu.

[Árið 2016 var aftur veittur styrkur til verkefnisins](#) að sömu upphæð og með sömu markmið og árið á undan (sjá hér að ofan).

F – Mannréttindi

Kaflinn um mannréttindi gengur þvert á framkvæmdaáætlunina en þar er lögð áhersla á aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir að fatlað fólk verði fyrir mismunun, meðal annars með því að stuðla að valdeflingu og auknu samráði við notendur við skipulag þjónustu.

F.1 Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Markmið: Að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Framkvæmd: Skipuð verði samstarfsnefnd ráðuneyta um að undirbúa fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Ráðuneytin yfirfari löggjöf á sínu málefnasviði og leggi til breytingar til samræmis við samninginn. Jafnframt verði íslensk þýðing samningsins endurskoðuð.

Ábyrgð: Innanríkisráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Önnur ráðuneyti.

Tímabil: Lokið verði við endurskoðun þýðingar í apríl 2012. Frumvarp verði lagt fram á löggjafarþingi 2012–2013.

Kostnaður: Laun starfsmanns nefndarinnar í eitt ár, 8 millj. kr. og kostnaður við endurskoðun þýðingar, 2 millj. kr. Samtals 10 millj. kr.

Mælikvarði: Frumvarp til fullgildingar samningsins verði lagt fram eigi síðar en á vorþingi 2013.

Staða og árangur

Þýðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var endurskoðuð á tímabilinu. Á undanförunum árum hefur verið ráðist í ákveðnar lagabreytingar til samræmis við samninginn. Í kjölfar samþykktar þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks var sett á fót samstarfsnefnd undir forystu innanríkisráðuneytisins til að undirbúa fullgildingu samningsins. Ráðuneytin fóru yfir löggjöf á sínu málefnasviði og lögðu til breytingar í samræmi við ákvæði samningsins. Á haustþingi 2015 var samþykkt frumvarp um breytingar á ýmsum lögum til undirbúnings á fullgildingu hans og í september 2016 var [þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar um fullgildingu samningsins samþykkt](#).

F.2 Fordómar og félagsleg útskýfun

Markmið: Að vinna gegn fordómum og félagslegri útskýfun fatlaðs fólks.

Framkvæmd: Skipaður verði samstarfshópur ráðuneyta, sveitarfélaga og fulltrúa fatlaðs fólks ásamt fulltrúum háskóla á Íslandi sem unnið hafa að rannsóknum sem beinast að stöðu minnihlutahópa á Íslandi. Samstarfshópurinn fái það verkefni að skoða og greina tiltækar rannsóknir og koma með tillögur um hvernig megi nýta þær til að vinna gegn fordómum og félagslegri útskýfun varðandi lagabreytingar, framkvæmd þjónustu og viðhorfsbreytingar.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Önnur ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga og háskólasamfélagið.

Tímabil: Hópurinn leggi fram lokaskýrslu fyrir árslok 2013.

Kostnaður: Laun verkefnisstjóra í hálfri stöðu í eitt ár, samtals 4 millj. kr.

Mælikvarði: Tillögur til breytinga í skýrslu hópsins.

Staða og árangur

[Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands vann skýrslu fyrir velferðarráðuneytið](#)

með yfirliti og samantekt um helstu niðurstöður íslenskra rannsókna sem gerðar hafa verið á stöðu fatlaðs fólks á árabílinu 2000–2013. Með skýrslunni fékkst greinargott yfirlit yfir allar íslenskar rannsóknir á aðstæðum fatlaðs fólks sem veita margvíslega innsýn í aðstæður þeirra sem búa við fötlun af einhverju tagi. Yfirlitið er mikilvægt til að auka skilning samfélagsins á lífi fatlaðs fólks og rannsóknirnar mikilvægar þegar unnið er að stefnumótun í málaflokknum. Fram kemur að bæði íslenskar og alþjóðlegar rannsóknir sýni að langflest fatlað fólk upplifi mikla fordóma og félagslega útskýfun í daglegu lífi.

F.3 Valdefling og notendasamráð

Markmið: Að efla og styrkja valdeflingu og notendasamráð í þjónustu við fatlað fólk.

Framkvæmd: Auglýst verði eftir þátttöku tveggja þjónustusvæða/sveitarfélaga í tilraunaverkefni til þriggja ára þar sem unnið verði með tiltekinn notendahóp eftir aðferðafræði valdeflingar og notendasamráðs. Reynslan sem skapast í tilraunaverkefni um notendastýrða persónulega aðstoð verði einnig nýtt í tilraunaverkefninu. Markmið verði sett um árangur og árangursmælikvarða og árangur borinn saman við samanburðarhóp þar sem aðferðafræðin er ekki markvísst innleidd. Sérfræðingar úr háskólasamfélaginu, erlendir og innlendir, verði fengnir til samstarfs um verkefnið, m.a. með fræðslu og stuðningi.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðili: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: 20 millj. kr.

Mælikvarði: Niðurstöður samanburðar milli tilraunahóps og samanburðarhóps.

Staða og árangur

[Árið 2015 gerði velferðarráðuneytið samkomulag við Hafnarfjarðarbæ og Reykjavíkurborg](#)

um þátttöku sveitarfélaganna í tilraunaverkefni sem miðar að því að styðja við valdeflingu og notendasamráð í þjónustu við fatlað fólk. Áður höfðu Akureyrarbær og Sveitarfélagið Árborg unnið að verkefnum í þessu skyni samkvæmt samningi við ráðuneytið sem gerður var árið 2014. Alls voru veittar 4 millj. kr. í styrki til þessara verkefna.

Verkefnin voru fjölbreytileg og tóku til mismunandi hópa fatlaðs fólks. Unnið var að verkefnum sem ætlað er að styrkja stöðu þeirra sem búa við geðraskanir af ýmsu tagi og m.a. stefnt að útgáfu fræðsluefnis um valdeflingu og sjálfstætt líf á auðskildu máli. Fólki með þroskahömlun var boðið upp á fræðslu um sama efni. Loks má nefna verkefni sem ætlað var til valdeflingar foreldra barna og unglinga sem nýta sér almenna og sértæka félagsþjónustu. Niðurstöður verkefnisins eru væntanlegar frá sveitarfélögunum fjórum.

F.4 Ólaunaðir umönnunaraðilar

Markmið: Að þátttaka ólaunaðra umönnunaraðila í lífi fatlaðs fólks verði gerð sýnileg og metin að verðleikum.

Framkvæmd: Við gerð einstaklingsbundinna áætlana skuli ávallt skilgreina og skrá þátt ólaunaðra stuðningsaðila/aðstandenda og setja hann inn í heildræna áætlun.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðili: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Tímabil: Verkefnið hefjist 2012 og verði viðvarandi.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Fjöldi skráninga/tíma ólaunaðs stuðnings.

Staða og árangur

Við skoðun kom í ljós að ekki reyndist tímabært að skilgreina ávallt og skrá þátttöku ólaunaðra umönnunaraðila við gerð einstaklingsbundinna áætlana. [Samið var við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um framkvæmd könnunar](#) um framlag ólaunaðra umönnunaraðila. Kostnaður við könnunina er um 1,6 millj. kr. Í könnuninni voru aðstandendur spurðir um umönnunarþátttöku sína, hvað þeir veiti helst aðstoð við og þeir beðnir um að meta með beinum og óbeinum hætti áhrif opinberu þjónustunnar á aðstæður fjölskyldunnar. Einnig voru aðstandendur spurðir um reynslu sína af þjónustu við fatlað fólk.

[Niðurstöður könnunarinnar](#) eru birtar eftir kyni hins fatlaða sem nýtur þjónustunnar, tegund fötlunar viðkomandi, búsetuformi og tegund þjónustu. Konur voru 45% á móti 55% karla, 70% fólksins býr á höfuðborgarsvæðinu en 30% á landsbyggðinni. Þá eru 34% fólksins hreyfihömluð, 66% með aðrar eða samsettar skerðingar, 57% búa í eigin/leiguhúsnæði, 24% búa í foreldrahúsum og 19% í íbúðakjarna/sambýli. Tæplega 41% notenda reyndist með NPA-eða beingreiðslusamning, 39% fá þjónustu heim og 20% búa og fá þjónustu í íbúðakjarna/sambýli. Karlar nota NPA/beingreiðslusamning í ríkari mæli en konur og þeir búa einnig frekar í íbúðakjarna/sambýli en konur og fá því þjónustuna þar. Aftur á móti fá konur

þjónustu heim í ríkari mæli en karlar, en þar er um að ræða félagslega liðveislu, frekari liðveislu, stuðningsfjölskyldur, heimaþjónustu, heimahjúkrun og heimsendingu matar. Niðurstöður könnunarinnar gefa mikilvæga mynd af aðstæðum fullorðins fatlaðs fólks, kostum og göllum mismunandi þjónustuforma og hvernig og í hvaða mæli umönnunarhlutverk aðstandenda hefur áhrif á daglegt líf þeirra.

Allir aðstandendur sem könnunin náði til tóku umtalsverðan þátt í umönnun eða aðstoð vegna þeirra einstaklinga sem spurt var um. Mest var aðstoðin við þá sem bjuggu í foreldrahúsum. Í mörgum tilvikum sáu aðstandendur um skipulag þjónustunnar og daglegt líf og sáu til þess að ólík þjónustuúrræði væru samhæfð.

Í niðurstöðum eigindlegu rannsóknarinnar má sjá þrjú meginstef; þjónustan er ekki nógu mikil, ekki nógu sveigjanleg og hún er of sundurleit, þ.e. hún er ekki einstaklingsmiðuð og kemur ekki með heildrænum hætti til móts við þarfir fólks, þannig að aðstandendur þurfa sífellt að vera á vaktinni til að tryggja samfellu í þjónustunni.

F.5 Könnun á heilbrigði fatlaðs fólks

Markmið: Að fá skýra mynd af heilbrigði fatlaðs fólks á Íslandi.

Framkvæmd: Gerð verði rannsókn á heilbrigði fatlaðs fólks á Íslandi.

Ábyrgð: Embætti landlæknis.

Samstarfsaðilar: Velferðarráðuneytið og háskólasamfélagið.

Tímabil: Undirbúningur fari fram árið 2012 og rannsókn árið 2013.

Kostnaður: 10 millj. kr.

Mælikvarði: Rannsókn verði gerð fyrir árslok 2013.

Staða og árangur

[Velferðarráðuneytið veitti 5 millj. kr. til verkefnisins](#) sem er í vinnslu þegar þetta er skrifað.

G – Menntun

Verkefnin í kaflanum um menntun styðja við markmið um að fötluðu fólki sé tryggður réttur til menntunar til jafns við aðra, til dæmis að það hafi kost á að velja um fjölbreyttar námsleiðir eftir áhugasviði og getu.

G.1 Samfella milli skólastiga

Markmið: Að auka samstarf félagsþjónustu og skólakerfis við að samþætta þjónustu og nám fatlaðra nemenda og tryggja að samþættingin fylgi nemendum allan námsferilinn.

Framkvæmd: Áætlun verði unnin tímalega í samstarfi við þann skóla, hvort sem það er leikskóli, grunnskóli, framhaldsskóli eða háskóli, sem nemandi hefur áhuga á að sækja þannig að skólinn sé tilbúinn þegar nemandinn hefur nám. Á það m.a. við um öflun hjálpartækja, sértæk úrræði í námi við upphaf náms og námsefni og persónulega aðstoð á skólatíma.

Ábyrgð: Skólaskrifstofur sveitarfélaganna.

Samstarfsaðilar: Félagþjónusta sveitarfélaganna, leikskólar, grunnskólar, framhaldsskólar og háskólar.

Tímabil: Sveitarfélögin hefji gerð einstaklingsáætlana fyrir þau börn sem byrja í leikskólum árið 2012 og vinni á sama tíma áætlanir fyrir þá nemendur sem nú þegar eru í námi. Lokið verði við að gera áætlanir fyrir alla nemendur í leikskólum og grunnskólum í árslok 2013.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Fjöldi áætlana í árslok 2014.

Staða og árangur

Þjónustuvæði í málefnum fatlaðs fólks fengu sendar eftirfarandi spurningar:

1. **Eru gerðar áætlanir fyrir fatlaða nemendur varðandi skólagöngu þannig að skólaganga og nám verði samþætt við aðra þjónustu og hver og einn skóli geti uppfyllt þarfir nemandans þegar hann hefur þar nám?**
 - a) Gera einstök sveitarfélög áætlanir?
 - b) Eru gerðar áætlanir innan þjónustuvæðisins í heild sinni?
2. **Ef já við fyrstu spurningu hvert er þá hlutfall fatlaðra nemenda á svæðinu sem slík áætlun hefur verið gerð fyrir?**
3. **Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Eftirfarandi eru upplýsingar um stöðuna á þjónustuvæðunum, byggðar á þeim svörum sem bárust.

Eyjafjörður

Á öllu svæðinu eru sömu viðbrögð þar sem sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla á fjölskyldudeild sinnir öllu svæðinu. Á hverju ári er gerð áætlun varðandi þarfir þeirra barna sem flytjast milli skólastiga í samvinnu við skóla barnsins, foreldra og aðra sérfræðinga.

Slík áætlun hefur verið gerð fyrir öll fötluð börn á svæðinu.

Hafnarfjörður

Tilfærsluáætlun er unnin í öllum grunnskólum í Hafnarfjarðarbæ en Skólaskrifstofan hefur útbúið ferli sem unnið skal eftir. Það er aftur á móti framhaldsskólans að tryggja sértæk úrræði í námi, viðeigandi námsefni og persónulega aðstoð á skólatíma.

Skólaskrifstofan hefur ekki kallað eftir upplýsingum um hlutfall fatlaðra nemenda á svæðinu sem tilfærsluáætlun hefur verið gerð fyrir. Í leiðbeiningum frá skólaskrifstofu er gert ráð fyrir að slík áætlun sé unnin fyrir alla nemendur sem munu þurfa sérstakan stuðning í framhaldsskóla vegna fötlunar.

Kópavogur

Gerðar eru áætlanir um samþættingu og stuðning við nemendur þegar þeir flytjast milli skólastiga, bæði milli leikskóla og grunnskóla. Áætlanir eru unnar í leikskóla sem fylgja viðkomandi nemanda upp í grunnskóla og úr grunnskóla í framhaldsskóla.

Gerðar eru áætlanir fyrir u.þ.b. 20% af börnum í leikskólanum en þau falla ekki öll undir þá skilgreiningu að vera fötluð. Í grunnskólunum er þetta sama hlutfall u.þ.b. 25%.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Gerðar eru áætlanir fyrir fatlaða nemendur varðandi skólagöngu þannig að skólaganga og nám verði samþætt við aðra þjónustu og hver og einn skóli geti uppfyllt þarfir nemandans þegar hann hefur þar nám:

Við leik- og grunnskóla er unnið eftir móttökuáætlun fyrir alla nemendur. Samstarf við félagsþjónustu er tryggt í gegnum skólaþjónustuna.

Í stefnu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar, *skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur*, er kveðið á um móttökuáætlanir vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda. Hverjum skóla ber, skv. 9. gr. reglugerðar um nemendur með sérstakar þarfir, nr. 585/2010, að gera, auk almennrar móttökuáætlunar, móttökuáætlun vegna nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda þar sem fram kemur hvernig stuðningskerfi viðkomandi skóla er byggt upp. Í áætluninni er lýst aðlögun og móttöku nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda og eru að hefja grunnskólanám að loknum leikskóla, flytja úr einum grunnskóla í annan og móttöku foreldra sem eru í leit að skóla fyrir börn sín. Þjónustumiðstöðvar borgarinnar veita leik- og grunnskólum sérfræðiþjónustu og þannig er samstarf félagsþjónustu og skólakerfis tryggt.

Suðausturland

Gerðar eru einstaklingsáætlanir í skólunum; foreldrar, félagsþjónusta og fleiri aðilar koma að þeirri vinnu. Teymi vinnur að flutningi nemenda á milli skólastiga. Ekki er um formlega heildaráætlun að ræða.

Gerð hefur verið slík áætlun fyrir um 95% fatlaðra nemenda á svæðinu.

Suðurland

Einstök sveitarfélög gera áætlanir fyrir fatlaða nemendur varðandi skólagöngu þannig að skólaganga og nám verði samþætt við aðra þjónustu og hver og einn skóli geti uppfyllt þarfir nemandans þegar hann hefur þar nám. Slíkar áætlanir eru ekki gerðar innan þjónustusvæðisins í heild.

Um það bil 80% fatlaðra nemenda sem eru í umfangsmikilli þjónustu eru með slíka áætlun.

Nokkuð góð samfella hefur náðst á milli skólastiga með notkun sérstakra eyðublaða sem búið er að hanna og móta síðustu ár ásamt skilvirkri teymisvinnu skóla, félags- og heilbrigðisþjónustu og foreldra. Móttökuáætlun er skjal sem leikskóli fyllir út fyrir grunnskólann og kemur þar á framfæri helstu upplýsingum um barnið og þarfir þess í nýju umhverfi.

G.2 Fjölbreytni í námsframboði

Markmið: Að auka fjölbreytni í námi á starfsnámsbrautum framhaldsskólanna og háskólastigi þannig að hver einstaklingur geti fundið nám við sitt hæfi.

Framkvæmd: Skipaður verði hópur sem leggi til hvernig markmiðinu verði náð. Í hópnum sitji sérfræðingar í menntunarfræðum og fötlunarfræðum og ungt fatlað fólk.

Ábyrgð: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Háskólasamfélagið, hagsmunasamtök fatlaðs fólks, velferðarráðuneytið, Tryggingastofnun ríkisins og Vinnumálastofnun.

Tímabil: 2012–2014.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Að tillögur hafi verið lagðar fram og fjármögnun liggja fyrir vegna tveggja verkefna fyrir lok tímabils.

Staða og árangur

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fékk sendar spurningar um stöðu og árangur verkefnisins.

1. **Hefur verið skipaður hópur sem hefur unnið að því að móta tillögur um hvernig auka má fjölbreytni í námi á starfsbrautum framhaldsskólanna og í diplómanámi á háskólastigi?**
2. **Ef já við fyrstu spurningu hefur hópurinn þá skilað tillögum sínum?**
3. **Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?**

Samkvæmt svörum mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur ekki verið skipaður starfshópur um málefnið.

Annað sem fram kemur í svari ráðuneytisins er eftirfarandi:

„Frá hausti 2015 hefur verið í gangi úttekt á því hvernig til hefur tekist að innleiða hugmyndafræðina um skóla án aðgreiningar sem verið hefur við lýði í íslensku skólakerfi um langa hríð. Úttektin nær til leik-, grunn- og framhaldsskólastiga. Um er að ræða ytri úttekt sem unnin er af sérfræðingum Evrópumiðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir. Rætt var við alla aðila máls; nemendur, foreldra, starfsfólk skóla (stjórnendur, kennara og annað starfsfólk), skólanefndafólk, sveitarstjórnafólk, fulltrúa Menntamálastofnunar, starfsfólk mennta- og menningarmálaráðuneytis og ráðherra, starfsfólk innanríkisráðuneytis og Jöfnunarsjóðs og einn sérfræðing hjá velferðarráðuneytinu. Að auki var framkvæmd netkönnun til starfsfólks skóla og foreldra. Niðurstöðu er að vænta um næstu áramót. Á grundvelli hennar verður unnin umbótaáætlun og gera má ráð fyrir að fyrirkomulag á starfsbrautum, hvað varðar námsframboð, staðsetningu, fjármögnun, o.s.frv. verði eitt af umfjöllunarefnum þeirrar umbótaáætlunar.

Hvað diplómanámið í HÍ varðar hefur ráðuneytið hvatt háskólann til að viðhalda því góða starfi sem þar hefur verið unnið. Ekki hefur verið unnið að tillögum um fleiri námsleiðir af hálfu ráðuneytisins.”

G.3 Styrkir til fatlaðra nemenda

Markmið: Að auka möguleika fatlaðs fólks til námsstyrkja vegna endur- og símenntunar.

Framkvæmd: Komið verði á fót endurmenntunarsjóði hjá Tryggingastofnun ríkisins sem gegni sama hlutverki og starfs- og endurmenntunarsjóðir hjá lífeyrissjóðum og stéttarfélögum. Úr sjóðnum verði veittir styrkir til lífeyrisþega sem eiga ekki réttindi í slíkum sjóðum hjá lífeyrissjóðum og stéttarfélögum til að jafna möguleika þeirra á endur- og símenntun.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðili: Tryggingastofnun ríkisins.

Tímabil: Ákvæði um endurmenntunarsjóð verði sett í lög eigi síðar en í árslok 2013.

Kostnaður:

Mælikvarði: Ákvæðum í lögum hafi verið breytt og áætlun samþykkt árið 2014.

Staða og árangur

Verkefnið hefur ekki fengið framgang á tímabilinu.

H – Þátttaka

Verkefni í kaflanum um þátttöku miða að því að fatlað fólk eigi þess kost að nýta borgaralegan rétt sinn, eigi val um hvernig það ver lífi sínu. Þannig hafi fatlað fólk fullan aðgang að menningu, tómstundum og afþreyingu og taki fullan þátt í félagslegu og efnahagslegu starfi samfélagsins.

H.1 Áhrif og þátttaka notenda

Markmið: Að fötluðu fólki verði gert kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og öðrum hagsmunamálum sínum í því sveitarfélagi þar sem það býr.

Framkvæmd: Á hverju þjónustusvæði verði sett á laggirnar fimm manna notendaráð sem hafi það verkefni að vera ráðgefandi fyrir þjónustusvæðið varðandi stefnumótun um málefni fatlaðs fólks á svæðinu. Í notendaráðinu eigi sæti fulltrúar fatlaðs fólks. Þjónustusvæðið vinni alla stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks með ráðinu sem auk þess geti tekið upp mál að eigin frumkvæði.

Ábyrgð: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Samstarfsaðili: Velferðarráðuneytið.

Tímabil: Öll þjónustusvæði hafi komið á fót notendaráðum fyrir lok árs 2012.

Kostnaður: Kostnaður vegna aðstoðarmanna notenda, samtals 10 millj. kr.

Mælikvarði: Fjöldi mála sem lögð hafa verið fyrir notendaráðin á hverju svæði.

Staða og árangur

Tvö þjónustusvæði, Hafnarfjarðarbær og Suðurland, komu á fót notendaráði snemma á tímabilinu. [Árið 2015 kynnti velferðarráðuneytið þjónustusvæðum svo að ákveðið hafi verið að veita styrki](#) til að koma á fót og starfrækja notendaráð. Alls sóttu átta þjónustusvæði um og fengu þau öll jákvæða afgreiðslu. Þeim þjónustusvæðum sem fóru af stað árið 2015 var boðinn áframhaldandi styrkur árið 2016 og þáðu þau hann öll, utan eitt. Styrkirnir nema samtals 13,7 millj. kr. [Auk þessa var haldið málþing í október 2013](#) um framkvæmdaáætlunina í heild sinni þar sem leitast við að fá fram umræðu um málaflökkinn á breiðum grundvelli. Kostnaður var um 1,5 millj. kr.

Þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks fengu sendar eftirfarandi spurningar:

1. Hefur notendaráði verið komið á fót á þjónustusvæðinu?
2. Ef já við fyrstu spurningu, þá vinsamlega svarið:
 - a) Hvenær hóf notendaráðið störf?
 - b) Hver er fjöldi mála sem notendaráðið hefur haft til meðferðar?
3. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Svör þjónustusvæðanna eru eftirfarandi:

Eyjafjörður

Í lok árs 2015 fékk Akureyrarbær styrk að upphæð 1.100 þús. kr. til að koma á notendaráði fatlaðs fólks. Markmið verkefnisins er að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á og taka þátt í stefnumörkun, skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk í Eyjafirði.

Notendaráðið mun hefja störf haustið 2016.

Hafnarfjörður

Árið 2012 var notendaráð sett á fót og kallast það ráðgjafarráð. Ráðið á að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif varðandi málefni fatlaðs fólks í Hafnarfirði. Ráðið á að vera ráðgefandi gagnvart bæjaryfirvöldum og stofnunum bæjarins og vera í forsvari fatlaðra bæjarbúa hvað varðar skipulag og framkvæmd þjónustunnar. Þetta hefur gengið afar vel og ráðið verið mjög virkt.

Ráðinu eru litlar skorður settar varðandi val á málefnum; talsmenn þess skulu tala máli fatlaðra bæjarbúa og stuðla að jafnrétti þeirra á við aðra. Ráðið kemur með málefni fyrir fundi og sveitarfélagið getur óskað eftir að fjallað sé um ákveðin málefni.

Alls hafa verið haldnir 29 fundir frá stofnun ráðsins og á flestum fundum meira en eitt málefni á dagskrá. Á hverjum fundi hafa verið 1–7 liðir til umræðu og á þessum 29 fundum hafa alls 100 dagskrárliðir verið til umræðu. Sum efnisatriði eru tekin til umræðu á fleiri en einum fundi.

Kópavogur

Notendaráði hefur verið komið á í sveitarfélaginu.

Mosfellsbær og Kjós

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti í desember 2015 reglur um notendaráð í málefnum fatlaðs fólks. Í samræmi við það var ákveðið að stofna ráðið og í kjölfarið leitað eftir fulltrúum í það frá Þroskahjálpi og Öryrkjabandalagi Íslands, tveimur aðalmönnum og tveimur til vara frá hvorum samtökunum. Fulltrúi fjölskyldunefndar verður formaður. Tilnefningar hafa borist, bæjarstjórn hefur skipað í ráðið og ákveðið að starfsmaður fjölskyldusviðs verði starfsmaður þess eftir því sem þörf krefur. Fyrsti fundur ráðsins var haldinn í september 2016.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar tók við því verkefni að setja á fót notendaráð þar sem verkefni notendaráðs skarast við öll svið borgarinnar.

Notendaráðið hóf störf um mánaðamótin ágúst/september 2016. Annars vegar er um að ræða notendaráð fyrir geðfatlaða og hins vegar þroskahamlaða.

Þar sem notendaráðið hefur ekki hafið störf hefur það ekki fengið nein mál til meðferðar. Samningur er um að greiða Þroskahjálpi 800 þús. kr. svo að notendaráðið fyrir þroskahamlaða geti fjallað um fjögur mál.

Suðausturland

Notendaráði hefur ekki verið komið á fót á þjónustusvæðinu.

Suðurland

Notendaráði hefur verið komið á fót á þjónustusvæðinu. Það hóf störf í desember 2012.

Ráðið hefur helst komið að umsögnum um reglur og stefnur þjónustusvæðisins en ekki fjallað um einstök mál.

Mikilvægt er að hafa starfsmann á launum sem styður fatlaða vegna starfa sinna fyrir notendaráð. Reynsla Sunnlendinga hefur verið góð en notendaráðið hefur fyrst og fremst farið yfir stefnur þjónustuvæðisins og komið með góðar og gagnlegar ábendingar sem horft hefur verið til. Eins hefur notendaráðið tekið upp mál hjá sér og komið á framfæri við fagteymi og þjónusturáð sveitarfélaganna.

H.2 Sýnileiki fatlaðs fólks

Markmið: Að fatlað fólk kynni samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi þess fyrir almenningi.

Framkvæmd: Tilraunaverkefnið „sendiherrar“ verði styrkt og fest í sessi meðan unnið sé að innleiðingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Gerður verði samningur við Fjölmennit um að stýra verkefninu. Kynningaráætlun verði lögð fram árlega.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Innanríkisráðuneytið og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Tímabil: Verkefnið hefjist 2012 og verði endurmetið ári síðar.

Kostnaður: 3 millj. kr. á ári í þrjú ár, samtals 9 millj. kr.

Mælikvarði: Fjöldi funda „sendiherra“ á tímabilinu 2012–2014.

Staða og árangur

[Sendiherraverkefnið hlaut 3 millj. kr. styrk á ári árin 2012–2016.](#) Stofnað var til verkefnisins vorið 2011, en það felur í sér að kynna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fólki með þroskahömlun og öðrum áhugasömum um aðferðafræði jafningjafræðslu. Mikilvægt er að fatlaðir einstaklingar þekki sjálfir vel til samningsins og geti tileinkað sér innihald hans og nýtt það í baráttunni fyrir betra lífi og auknum tækifærum.

Sendiherrarnir kallast sjö manna hópur fólks með þroskahömlun sem fengið hefur fræðslu og aðstoð til að tileinka sér ákvæði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og annast fræðslu til annarra um efni og inntak mikilvægra ákvæða hans. Þeir hafa farið um allt land, haldið kynningarfundum á vernduðum vinnustöðum, í framhaldsskólum, mannréttindaráði Reykjavíkur, í velferðarráðuneytinu og víðar þar sem óskað hefur verið eftir kynningu þeirra á samningnum.

H.3 Fatlaðir foreldrar

Markmið: Að tryggja fötluðum foreldrum stuðning við að aðstoða börn sín við verkefni sem tengjast skólagöngu barnanna. Fötluðum foreldrum verði gert kleift að styðja börn sín í námi.

Framkvæmd: Settur verði á fót starfshópur með fulltrúum ráðuneyta, sveitarfélaga og fatlaðs fólks eða hagsmunasamtaka þeirra, um vinnulag og samvinnu skóla, félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu um þennan stuðning.

Ábyrgð: Velferðarráðuneytið.

Samstarfsaðilar: Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytið og hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Tímabil: Starfshópurinn verði settur á laggirnar árið 2012 og skili tillögum vorið 2013.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælikvarði: Að fyrir liggja samþykktar tillögur fyrir árslok 2013.

Staða og árangur

Reykjavíkurborg fékk styrk að upphæð 1 millj. kr. til að búa til leiðbeiningar/handbók fyrir fatlaða foreldra sem miða að því að auka hæfni þeirra í foreldrahlutverkinu. Skilað verður skýrslu um framvindu verkefnisins.

H.4 Félagslíf fatlaðra barna og ungmenna

Markmið: Að rjúfa félagslega einangrun fatlaðra barna og ungmenna.

Framkvæmd: Fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eigi kost á frístundatilboðum að skóladegi loknum, í skólafríum og á sumrin í samræmi við óskir og getu. Slík frístundatilboð verði samþætt almennum frístundatilboðum fyrir börn og ungmenni á sama aldri. Lögð verði áhersla á mikilvægi sumardvalar við hæfi fyrir þennan hóp.

Ábyrgð: Sveitarfélög.

Samstarfsaðilar: Hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Tímabil: Sveitarfélög geri áætlanir sínar árið 2012 og útfæri þær árið 2013.

Kostnaður: Innan ramma 2012 og kostnaðarmat verði gert í lok ársins.

Mælikvarði: Færri fötluð börn félagslega einangruð árið 2014 en árið 2011.

Staða og árangur

Þjónustusvæði í málefnum fatlaðs fólks voru sendar eftirfarandi spurningar:

1. Eiga fötluð börn á grunn- og framhaldsskólaaldri kost á frístundatilboðum að skóladegi loknum, í samræmi við óskir og getu?
 - a) Í einstökum sveitarfélögum?
 - b) Innan þjónustusvæðisins í heild?
2. Eiga fötluð börn á grunn- og framhaldsskólaaldri kost á frístundatilboðum í skólafríum, öðrum en sumarleyfum, í samræmi við óskir og getu?
 - a) Í einstökum sveitarfélögum?
 - b) Innan þjónustusvæðisins í heild?
3. Eiga fötluð börn á grunn- og framhaldsskólaaldri kost á frístundatilboðum á sumrin í samræmi við óskir og getu?
 - a) Í einstökum sveitarfélögum?
 - b) Innan þjónustusvæðisins í heild?
4. Eru slík frístundatilboð samþætt almennum frístundatilboðum fyrir önnur börn og ungmenni á sama aldri?
 - a) Í einstökum sveitarfélögum?
 - b) Innan þjónustusvæðisins í heild?
5. Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri?

Eftirfarandi eru svör þjónustusvæðanna:

Eyjafjörður

Rekin er skólavistun fyrir börn á aldrinum 10–20 ára með flóknar fatlanir og þar er lögð áhersla á margþætta félagslega virkni. Unnið hefur verið þróunarverkefni í þeim tilgangi að styrkja félagslega þátttöku barna og ungmenna. Verkefnið felst í því að verkefnastjóri félagslegrar liðveislu, sem staðsettur var innan búsetudeildar, fékk starfsaðstöðu innan

þeirrar deildar sem fer með félags- og tómstundamál Akureyrarbæjar. En þar er jafnframt til húsa félagsmiðstöð barna og fullorðinna. Stofnaðir hafa verið hópar barna og ungmenna með það að markmiði að tengja saman einstaklinga með svipuð áhugamál og styrkja þá til þátttöku í félagsstarfi sem í boði er í bæjarfélaginu. Jafnframt hefur verið gerður samningur við sundfélag sem fær fjárframlag þannig að félagið sé í stakk búið til að veita fötluðum börnum og ungmennum sundþjálfun. Almenn frístundatilboð eru mjög aðgengileg fyrir stóran hóp fatlaðra barna og eru mikið notuð.

Fötluð börn á grunn- og framhaldsskólaaldri sem eru í skólavistun fyrir 10–20 ára eiga kost á frístundatilboðum í skólafríum, öðrum en sumarleyfum.

Frístundatilboð stendur fötluðum börnum og ungmennum með flókna þjónustubörf til boða á sumrin, svo sem leikjaskóli íþróttafélaga, unglingavinna og annað. Flest þessara frístundatilboða eru samþætt öðrum almennum frístundatilboðum fyrir börn og ungmenni.

Hafnarfjörður

Komið var á fót frístundaúrræði fyrir fötluð ungmenni á framhaldsskólaaldri haustið 2011 og fyrir fötluð ungmenni í 5.–10. bekk grunnskóla haustið 2013.

Frístundaúrræðin eru opin í skólafríum, þó ekki á hátíðisdögum.

Á sumrin taka fötluð börn á grunnskólaaldri þátt í þeim úrræðum sem eru í boði eins og önnur börn og fá stuðning við hæfi. Komið var á fót nýju sumarúrræði fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri sumarið 2012. Þessi frístundatilboð eru samþætt almennum frístundatilboðum fyrir börn og ungmenni á sama aldri að einhverju leyti. Reynt hefur verið að samþætta tilboðin við almenn úrræði eftir því sem kostur hefur verið á.

Ekki er eftirspurn né þörf á sumum tilboðunum fyrir aðra hópa en fötluð börn. Dæmi um slíkt tilboð er frístund frá kl. 13–17 fyrir börn í grunn og framhaldsskólum. Þótt börnum og ungmennum standi almennt til boða að vera í frístund eftir kl. 17 þá er ekki ásókn í þann tíma frá öðrum en fötluðum ungmennum. Frístund fyrir ungmenni á framhaldsskólaaldri er staðsett í ungmennahúsi bæjarins sem er opið öllum ungmennum bæjarins á aldrinum 16–24 ára.

Mörgum nýjum úrræðum hefur verið komið á fót og brugðist við þörf hverju sinni og hefur það gengið afskaplega vel. Reynt hefur verið að samþætta tilboðin við almenn úrræði eftir því sem kostur hefur verið á.

Kópavogur

Kópavogsbær er með lengda viðveru/frístundatilboð fyrir grunnskólabörn frá 5.–10. bekk þegar dægradvöl sleppir. Framhaldsskólanemar eiga kost á að sækja frístundatilboð í Hinu húsinu í Reykjavík og Vinaskjóli í Hafnarfirði samkvæmt samningi.

Frístundatilboðin eru opin í skólafríum.

Kópavogsbær er með sérstakt frístundartilboð á sumrin, *Hrafninn*, ætlað fötluðum börnum. Einnig sérstakt tilboð fyrir ungmenni í Tröð sem felur í sér tilboð um sumarvinnu og frístund.

Ekki hefur verið unnið markvisst að því að samþætta frístundatilboð fatlaðra barna og ungmenna við almenn frístundatilboð. Í einstaka tilvikum hafa börn sem eftir því hafa óskað fengið stuðning við að sækja almenn frístundatilboð.

Reykjavík og Seltjarnarnes

Samkvæmt svörum frá þjónustusvæðinu þá eiga fötluð börn á grunn- og framhaldsskólaaldri kost á frístundatilboðum að skóladegi loknum.

Einnig eiga fötluð börn á grunn- og framhaldsskólaaldri kost á frístundatilboðum í sumarleyfum og öðrum skólaleyfum.

Boðið er upp á sértæk frístundatilboð fyrir nemendur á aldrinum 10–20 ára, auk þess sem fötluðum nemendum úr almennum grunnskólum stendur til boða að taka þátt í því frístundastarfi sem boðið er upp á fyrir nemendur skólanna í hverri frístundamiðstöð.

Nemendum á Seltjarnarnesi á aldrinum 10–20 ára stendur til boða að nýta sér sértæk frístundatilboð.

Reykjavíkurborg býður upp á fjölbreytta frístundaþjónustu fyrir öll börn og ungmenni með fötlun á aldrinum 6–20 ára. Um er að ræða 34 frístundaheimili, 5 frístundaklúbba og 20 félagsmiðstöðvar auk þess sem unnið er að uppbyggingu á þjónustu fyrir 16–20 ára framhaldsskólanemendur með fötlun í Hinu húsinu, sbr. samþykkt borgarráðs frá 26. júlí 2012. Mikilvægt er að tryggja fasta fjármuni fyrir lengda viðveru svo unnt sé að veita örugga og samfellda frístundaþjónustu. Reykjavíkurborg býður öllum börnum á aldrinum 6–18 ára upp á frístundakortið sem er styrkjakerfi í frístundastarfi sem ætlað er að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika við iðkun íþróttar-, lista- og annarra tómsunda.

Suðausturland

Fötluð börn á grunn- og framhaldsskólaaldri á Suðausturlandi eiga kost á frístundatilboðum að skóladegi loknum í samræmi við óskir og getu og er þjónustan skipulögð fyrir hvern og einn einstakling eftir þörfum.

Það sama á við um frístundatilboð í öðrum skólafríum en sumarleyfum. Reynt er að samþætta frístundatilboðin almennum frístundatilboðum fyrir börn og ungmenni á sama aldri sé þess kostur.

Suðurland

Í einstökum sveitarfélögum eiga fötluð börn á grunn- og framhaldsskólaaldri að einhverju leyti kost á frístundatilboðum að skóladegi loknum, í samræmi við óskir og getu. Til dæmis er boðið upp á lengda viðveru fyrir fötluð grunnskólabörn í 5.–10. bekk í Árborg sem þjónustar að hluta til nágrannasveitarfélögin. Almennt hafa fötluð börn aðgang að öllum íþróttar- og tómsundatilboðum hjá sveitarfélögunum. Sérstakt starfshlutfall er inni í félagsmiðstöð í Árborg til að taka á móti og styðja fatlaða unglunga og/eða þá sem búa við félagslegar hindranir til að koma í félagsmiðstöðina.

Innan þjónustusvæðisins í heild er starfræktur tómsundaklúbbur fyrir 16 ára og eldri. Skammtíamavistun hefur nýst sem lengd viðvera fyrir fatlaða framhaldsskólanema sem eru búsettir utan Árborgar. Margir fatlaðir einstaklingar njóta félagslegrar liðveislu. Auk þess

býður íþróttafélagið Suðri upp á æfingar í boccia, frjálsum íþróttum, golfi, sundi og fótbolta allt árið.

Lengd viðvera fyrir fötluð grunnskólabörn í 5.–10. bekk í sveitarfélaginu Árborg er opin nema þegar vetrarfrí skólans standa yfir.

Í einstökum sveitarfélögum eiga fötluð börn á grunn- og framhaldsskólaaldri kost á frístundatilboðum á sumrin í samræmi við óskir og getu. Ekki eru þetta sérstök tilboð heldur er um að ræða almenn leikjanámskeið fyrir 5–10 ára börn og sumarsmiðjur fyrir 11–13 ára börn. Sveitarfélögin leggja til starfsmenn í stuðning fyrir þau börn sem þess þurfa. Reynt er að verða við óskum um önnur almenn námskeið. Lengd viðvera fyrir fötluð grunnskólabörn í 5.–10. bekk er opin allt sumarið. Í undirbúningi er tilraunaverkefni sem varðar stuðning einu sinni í viku við framhaldsskólanemendur í ungmennahúsi í sveitarfélaginu Árborg. Stefnt er að því að fjölga dögum með stuðningi fyrir þennan hóp á næsta ári.

Innan þjónustusvæðisins er tómstundaklúbburinn *Selurinn* fyrir 16 ára og eldri og er hann starfræktur allt árið. Slík frístundatilboð eru samþætt almennum frístundatilboðum fyrir börn og ungmenni á sama aldri.

Unnið hefur verið markvisst að því sl. ár að hvetja íþrótt- og tómstundafélög til að taka jafn vel á móti fötluðum eins og öðrum og veita viðeigandi stuðning í sveitarfélögunum. Í sveitarfélaginu Árborg er ákveðið starfshlutfall þar sem starfsmaður vinnur að því að efla og hvetja einstaklinga bæði með greiningar og/eða félagslegar hindranir til að sækja ungmennahúsið.

3 Næstu skref

Félags- og húsnæðismálaráðherra ákvað að framlengja gildistíma framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 meðan unnið væri að nýrri áætlun.

Í júní 2015 skipaði ráðherra starfshóp sem falið var að vinna nýja framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks en samhliða vinnu við framkvæmdaáætlunina voru að störfum hópar sem unnu að endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Við mótun nýrrar framkvæmdaáætlunar var fyrirbyggjandi stefna og framkvæmdaáætlun lögð til grundvallar.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var nýlega fullgiltur hér á landi. Fullgilding samningsins kallar á ýmsar lagabreytingar þannig að íslensk löggjöf uppfylli til fulls ákvæði samningsins. Undanfarin misseri hefur verið unnið að því hér á landi að aðlaga íslenska löggjöf að þeim kröfum sem fullgildingin gerir og ýmsar nauðsynlegar breytingar eru í undirbúningi eða komnar vel á veg. Mörg verkefni eru að baki en önnur, bæði stór og smá, eru framundan. Meðal þeirra er ný mannréttindastofnun, en unnið er að því að koma henni á fót innan innanríkisráðuneytisins og voru [drög að frumvarpi þess efnis lögð fram til kynningar](#) í sumar. Frumvarpið er mikilvægur liður í því að stjórnvöld geti fullgilt samninginn um réttindi fatlaðs fólks en margt annað þarf að koma til.

Með framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2012–2014 voru sett fram á heildstæðan hátt þau verkefni varðandi þjónustu og málefni fatlaðs fólks sem brýnast var að koma í framkvæmd með það að markmiði að tryggja að fatlað fólk njóti mannréttinda og mannfrelsis til jafns við aðra. Við mótun nýrrar framkvæmdaáætlunar var tekið mið af því hvernig til hafði tekist með fyrri áætlun. Ákveðið var að vinna áfram að sumum verkefnum en jafnframt að móta nýjar aðgerðir að höfðu samráði við samtök fatlaðs fólks og fagfólk á málavíðinu. Með nýrri framkvæmdaáætlun er leitast við að halda áfram á þeirri braut sem rudd var með þingsályktunartillögunni árið 2011 og tryggja þannig að fatlað fólk, börn jafnt sem fullorðnir, geti lifað sjálfstæðu lífi með reisn.